# FRÉTTABLAÐIÐ

55. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 6. MARS 2019





Lögreglumenn fylgdust með mótmælum fyrir utan Útlendingastofnun í gær þar sem úrbóta var krafist á aðstæðum flóttafólks og umsækjenda um vernd hér á landi. Kröfur mótmælenda snúa meðal annars að því að brottvísunum verði hætt, að allir fái rétt til að vinna meðan mál þeirra eru til meðferðar og að dvalarheimilinu að Ásbrú verði lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Einn af þremur segist styðja stjórn Katrínar

**Stuðningur við ríkisstjórnina heldur áfram að dala og vinstri græn tapa fylgi. Sjálfstæðisflokkur bætir mestu við sig og Miðflokkur vinnur á eftir fylgishrun í síðustu könnun. Samfylkingin tapar mestu fylgi milli kannana.**

**STJÓRNMÁL** Stuðningur við ríkisstjórnina heldur áfram að dala og fer niður í rúm 36 prósent samkvæmt nýrri könnun sem Zenter framkvæmdi fyrir Fréttablaðið og Frettabladid.is. Um 47 prósent studdu stjórnina í desember þegar síðasta könnun var gerð.

Þrátt fyrir dalandi stuðning við stjórnina bæta bæði Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur við sig fylgi samkvæmt könnuninni. Vinstri græn halda hins vegar áfram að tapa fylgi.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist nú með rúmlega 24 prósenta fylgi og eykst það um rúm þrjú prósent milli kannana. Fylgi Framsóknarflokksins eykst um tæpt prósentustig frá síðustu könnun og fer yfir 9 prósent.

Vinstri græn halda hins vegar áfram að tapa fylgi og mælast með 10,2 prósenta fylgi sem er einu og hálfu prósentustigi minna en í síðustu könnun og tæpum sjö prósentustigum minna en flokkurinn fékk í síðustu kosningum.

Tveir stjórnarandstöðuflokkar styrkja stöðu sína frá síðustu könnun. Miðflokkurinn mælist með 6,6 prósent og bætir við sig eftir fylgishrun í síðustu könnun. Flokkurinn er þó enn langt frá ellefu prósenta kjörfylgi flokksins.

Viðreisn bætir við sig rúmu hálfu prósenti frá síðustu könnun en aðrir flokkar í stjórnarandstöðu tapa fylgi. Samfylkingin dalar mest, og fer úr tæpu 21 prósenti miðað við síðustu könnun niður í 17,4 prósent sem þó er töluvert yfir kjörfylgi flokksins í síðustu kosningum þegar flokkurinn uppskar rúm 12 prósent.

Píratar tapa einu og hálfu prósentustigi frá síðustu könnun og fylgi við Flokk fólksins dregst lítillega saman.

Könnunin var send á könnunarhóp Zenter rannsókna, 18 ára og eldri um land allt, dagana 28. febrúar og 1. mars. Úrtakið var 3.100 manns og svarhlutfallið 46 prósent. **– aá**

**Styður þú ríkisstjórnina?**



Já **36,3** Nei **43,2**
Veit ekki **16,3**
Vil ekki svara **4,2**

**36,3 %**

**Stuðningur við stjórnina minnkar um 10 prósent milli kannana og fer úr 47 prósentum í rúm 36 prósent.**

## Þurfa að fallast á tugprósenta afskriftir

**VIÐSKIPTI** Skuldabréfaeigendur WOW air, sem fjárfestu fyrir 60 milljónir evra í skuldabréfaútboði flugfélagsins síðasta haust, gætu þurft að samþykkja tugprósenta afskriftir af höfuðstól bréfanna til þess að kaup Indigo Partners í félaginu nái fram að ganga.

Því til viðbótar hefur bandaríska félagið krafist þess að endanlegur eignarhlutur Skúla Mogensen, forstjóra og stofnanda WOW air, verði mun minni í kjölfar viðskiptanna en áður hefur verið rætt um og í raun hverfandi. Umrædd skilyrði voru lögð fram síðasta fimmtudag, sama dag og frestur sem skuldabréfaeigendur WOW air veittu félaginu til þess að ná samkomulagi við Indigo rann út. Sá frestur var framlengdur til loka marsmánaðar.

Auk þess sem skuldabréfaeigendur eru sagðir munu þurfa að taka á sig niðurskriftir þykir einnig líklegt að aðrir lánardrottnar og kröfuhafar WOW muni, að kröfu Indigo Partners, þurfa að gefa eitthvað eftir af kröfum sínum á hendur félaginu.
**– hae, kij** / **sjá Markaðinn**



**Skúli Mogensen, forstjóri WOW air.**

## Mislingatilfelli ekki fleiri í 42 ár

**SMITSJÚKDÓMAR** Neyðarfundur var haldinn hjá sóttvarnalækni vegna mislingasmita sem staðfest hafa verið undanfarið. Þetta er mesti fjöldi mislingatilvika síðan árið 1977.



Umdæmislæknir sóttvarna á Austurlandi segir smitbera hafa farið víða og verið sé að hafa uppi á þeim sem gætu hafa smitast af þeim. **– sa** / **sjá síðu 4**







Bætir í vind, NA 10-15 á Vestfj. og SA-landi í kvöld. Snjór eða él, síðdegis, en víða þurrt og bjart veður SV. Frost 0 til 8 stig, en hiti 0 til 5 stig syðst. SJÁ SÍÐU 14

# Hatrið sigrar á öskudegi




Það var húsfyllir í Partýbúðinni í gær þar sem börn og foreldrar gerðu sig klár fyrir öskudag í dag. Hatara-hornið í búðinni hefur gert mikla lukku hjá börnum sem sækja innblástur sinn í BDSM-klæðaburð framlags Íslands í Eurovision. Ekki er ólíklegt að Hatara-börn verði áberandi á vinnustöðum í dag. Þegar ljósmyndari og blaðamaður Fréttablaðsins litu þar inn voru gaddabelti og leðurólar svo gott sem uppseld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Lagði fram frumvarp um fiskeldi

**FISKELDI** Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur lagt fram á Alþingi frumvarp um ýmsar breytingar á lögum um fiskeldi. Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að áhættumat erfðablöndunar verði lögfest og heildarframleiðslumagn frjórra laxa byggi á því mati.

Frumvarpið byggir að miklu leyti á skýrslu starfshóps um stefnumótun í fiskeldi sem skilaði tillögum í ágúst í fyrra. Í tilkynningu frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu segir að ákvarðanir stjórnvalda um uppbyggingu fiskeldis verði byggðar á ráðgjöf vísindamanna.

Þess vegna sé lagt til að áhættumatið verði lögfest. Gert er ráð fyrir að Hafrannsóknastofnun geri bindandi tillögur að áhættumati sem verði svo bornar undir samráðsnefnd um fiskeldi en skipun nefndarinnar er liður í eflingu stjórnsýslu og eftirlits.



**Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.**

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að innra eftirlit sjókvíaeldisstöðvar skuli meðal annars fela í sér vöktun á viðkomu laxalúsar í eldinu í samræmi við leiðbeiningar sem ráðherra mun setja í reglugerð. Niðurstöður vöktunar verði sendar Matvælastofnun sem meti þörf á aðgerðum.

Í því skyni að auka gegnsæi í fiskeldisstarfsemi gerir frumvarpið ráð fyrir umfangsmeiri upplýsingaskyldu fiskeldisfyrirtækja um starfsemina en samkvæmt gildandi lögum. Vegna áherslu á rannsóknir og vöktun lífríkisins gerir frumvarpið sérstaklega ráð fyrir heimild Hafrannsóknastofnunar til að stunda tímabundnar rannsóknir á fiskeldi í fiskveiðilandhelgi Íslands, ein eða í samstarfi við aðra. – dfb, sar

# Veitir tvenn verðlaun í ár

**SVÍÞJÓÐ** Sænska akademían fær leyfi til þess að veita bókmenntaverðlaun fyrir bæði árið 2019 og 2018 í ár. Þetta staðfesti Nóbelsstofnunin í gær. Stofnunin neitaði akademíunni um að veita verðlaun í fyrra og hótaði jafnvel að svipta hana hlutverki sínu vegna hneykslismáls eiginmanns eins meðlims akademíunnar.

Jean-Claude Arnault, eiginmaður akademíumeðlimsins Katarinu Frostenson, var ásakaður um kynferðisbrot og loks sakfelldur fyrir nauðgun á síðasta ári. Arnault hafði ítrekað stært sig af áhrifum sínum á störf nefndarinnar í gegnum tíðina.

Málið leiddi til rannsóknar á Frostenson. Þá kom í ljós að hún hafði lekið nöfnum verðlaunahafa. Þeirri ásökun neitar Frostenson þó.

„Stjórn Nóbelsstofnunarinnar trúir því að sænska akademían hafi komið á umbótum og muni vinna aftur traust fólks sem verðlaunaveitandi,“ sagði í yfirlýsingu frá stofnuninni. – þea




# Ragnar Þór hrifinn af kjarapakkanum

**Meirihluti borgarstjórnar felldi í gær fjórar tillögur Sjálfstæðisflokksins sem lagðar voru fram til að liðka fyrir kjarasamningum. Borgarstjóri sagði tillögurnar lýðskrum. Formaður VR telur tillögurnar gott innlegg í umræðuna.**

**STJÓRNMÁL** Tillaga Sjálfstæðisflokksins um kjarapakka til að liðka fyrir kjarasamningum var felld á fundi borgarstjórnar í gær. Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, sagði borgina hagnast á því að klára kjarasamninga.

„Stóra myndin er sú að ef kjarasamningar nást án þess að stöðugleika sé raskað, að allt fari á hliðina með fjöldagjaldþrotum fyrirtækja eða verðbólgu, þá fær borgin ávinninginn,“ sagði Eyþór. Hann lýsti yfir vonbrigðum með það að meirihlutinn sæi sér ekki fært að styðja tillögurnar.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fór hins vegar hörðum orðum um kjarapakkann og sagði hann „lýðskrum“ sem væri til þess fallið að „slá ryki í augu kjósenda“. Fór hann sérstaklega hörðum orðum um hugmyndir Sjálfstæðismanna um að mæta 1,9 milljarða króna útsvarslækkun með bættum innkaupum.

„Þetta er svokallað bull. Innihaldslaust og ábyrgðarlaust bull,“ sagði Dagur. Tillögurnar væru bæði ófjármagnaðar og óábyrgar. Samþykkt þeirra myndi þýða fimm milljarða gat í fjármálum borgarinnar.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir útspil Sjálfstæðismanna fagnaðarefni. Kjarapakkinn væri mjög gott innlegg vegna þess að komið væri að þáttum sem snúi að gjaldskrárhækkunum Orkuveitunnar sem sannarlega hafi áhrif á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

„Þarna er verið að koma inn á byggingarréttargjöldin sem hafa áhrif á húsnæðis- og leiguverð.




Eyþór Arnalds kynnti kjarapakkann á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.**

Þarna eru tillögur, eins og með lækkun útsvars, sem opna á auknar ráðstöfunartekjur okkar félagsmanna sem búa í Reykjavík,“ segir Ragnar Þór í samtali við Fréttablaðið.

„Ég fagna því að kjörnir fulltrúar sveitarfélaga séu farnir að taka tillit til þeirrar alvarlegu stöðu sem er komin upp á vinnumarkaði og hugsa lausnamiðað í þeim efnum.“

Drífa Snædal, forseti ASÍ, sagði í Fréttablaðinu á mánudaginn að eðlilegra væri að beina kröfum um skattabreytingar til stjórnvalda en sveitarfélaga. Þó myndi ASÍ fylgjast náið með gjaldskrárhækkunum sveitarfélaga eins og áður.

arib@frettabladid.is




**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Leggja til breytingar á skimun fyrir krabbameinum

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknir og skimunarráð leggja til breytingar á skipulagi skimunar fyrir krabbameinum. Markmið tillagna sem kynntar voru fyrir Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra í gær er að færa skipulagið nær því sem mælt er með í leiðbeiningum ESB um skimanir.

Meðal tillagnanna er að Landlækni verði falið að skilgreina þau krabbamein sem skima skal fyrir. Þá er lagt til að sett verði á fót stjórnstöð skimunar sem taki yfir það starf sem Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands sinnir nú sem og rekstur Krabbameinsskrár.

Thor Aspelund, formaður skimunarráðs og prófessor í líftölfræði við Háskóla Íslands, leggur áherslu á samvinnu allra þeirra aðila sem koma að málum. „Það er auðvitað mjög gott starf unnið með Krabbameinsskrána núna og það er hægt að byggja upp í kringum það. Það þarf ekki endilega að kollvarpa öllu en það þarfa að styrkja allar þessar einingar sem eru að vinna þetta,“ segir Thor.

Hann segir mikilvægt að halda vel utan um allar skráningar á skimunum. „Við þurfum að bæta okkur þegar kemur að skráningum. Við þurfum að vita meira hvernig okkur gengur með skimununum.“

Í tillögunum er einnig lögð áhersla á aðkomu heilsugæslunnar. „Við leggjum til að skimanir verði færðar meira út til heilsugæslunnar og þar yrði byrjað á skimun fyrir leghálskrabbameini. Annað myndi kannski fylgja á eftir síðar en þetta á ekkert að gerast allt í einu.“

Thor segir að Krabbameinsfélagið muni áfram gegna mikilvægu hlutverki en gert er ráð fyrir að skimun fyrir brjóstakrabbameini verði áfram í höndum félagsins. **– sar**



**Lögð er til stofnun stjórnstöðvar skimunar.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Nemendur fái laun og styrk

**MENNTAMÁL** Frá og með næsta hausti mun nemendum á lokaári meistaranáms til kennsluréttinda á leik- og grunnskólastigi standa til boða launað starfsnám. Einnig munu sömu nemendur geta sótt um námsstyrk. Styrkurinn er 800 þúsund krónur og greiðist í tvennu lagi. Þessar aðgerðir eru hluti aðgerða sem Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, kynnti í gær til að efla nýliðun kennara. Fréttablaðið greindi frá þessum áformum 14. janúar síðastliðinn.



**Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.**

Fram kemur í tilkynningu frá ráðuneytinu að aðeins 28 prósent stöðugilda í leikskólum eru mönnuð leikskólakennurum og að það vanti leikskólakennara í 1.800 stöðugildi til þess að uppfylla ákvæði laga um hlutfall fagmenntaðra leikskólakennara. Á síðasta ári útskrifuðust 22 leikskólakennarar og 77 grunnskólakennarar frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands.

Á tíu ára tímabili, frá 2008 til 2018, fækkaði nýnemum í leik- og grunnskólafræðum um 40 prósent. Leiðbeinendum í grunnskólum hefur aftur á móti fjölgað verulega á síðustu árum, úr 272 árið 2016, 443 árið 2017 í 507 á þessu skólaári, 2018/19. **– smj**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Neyðarfundur sóttvarnalæknis vegna fjögurra mislingasmita

**Neyðarfundur var haldinn hjá sóttvarnalækni vegna mesta fjölda mislingatilvika síðan 1977. Umdæmislæknir sóttvarna á Austurlandi segir smitbera hafa farið víða og verið sé að hafa uppi á þeim sem gætu hafa smitast af þeim. Plássleysi gæti torveldað starf Landspítalans þurfi að leggja marga inn.**



**Viðbúnaður er á Landspítala vegna mislingasmita sem staðfest hafa verið undanfarna daga.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**HEILBRIGÐISMÁL** Fjögur mislingasmit hafa verið staðfest í íslensku heilbrigðiskerfi síðustu daga eftir að erlendur smitberi sat í vél Icelandair til landsins þann 14. febrúar síðastliðinn og áfram til Egilsstaða degi seinna. Er þetta mesti fjöldi tilfella smita síðan árið 1977. Mikill viðbúnaður er á Landspítalanum en yfirlæknir bráðadeildar telur plássleysi geta valdið erfiðleikum smitist fleiri af mislingum.

Mislingar eru bráðsmitandi og greindust síðast árið 2017 í barni sem hafði dvalið erlendis lengi. Á árunum 1998 til 2017 höfðu aðeins þrjú tilfelli komið upp. Því eru fjögur staðfest tilvik nokkuð mikið stökk frá því sem við höfum þekkt hér á landi vegna útbreiddrar bólusetningar fyrir mislingum í íslensku heilbrigðiskerfi.

„Boðað var til neyðarfundar með sóttvarnalækni vegna þeirrar stöðu sem uppi er núna vegna mislingasmita sem hafa verið staðfest. Sóttvarnalæknir stýrir ákveðnum aðgerðum til að bregðast við og varna frekari útbreiðslu,“ segir Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðadeildar Landspítalans. „Ung börn að átján mánaða aldri auk þeirra sem ekki hafa verið bólusettir eru útsett fyrir þessari veirusýkingu. Við getum vel tekist á við svona mál en svo gæti farið að plássleysi valdi okkur einhverjum erfiðleikum ef margir smitast.“

Þórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir segir unnið að því að lágmarka líkur á því að mislingar geti breiðst út til fleiri. „Nú er unnið eftir ákveðnu verklagi en eins og staðan er núna er ekkert sem bendir til þess að lítill faraldur sé í vændum. Það gerist hins vegar að smitberi kemur til landsins sem sýnir okkur bæði hversu smitandi mislingar eru og hversu mikilvægt sé að sem flestir séu bólusettir fyrir mislingum,“ segir Þórólfur.

Annað barnanna, sem greind hafa verið með mislingasmit, var á ungbarnaleikskólanum Hnoðraholti í Garðabæ. Þeim börnum sem hafa verið á þessum leikskóla, og eru óbólusett vegna aldurs eða annara ástæðna, hefur verið skipað að halda sig heima í eins litlu samneyti og hægt er við annað fólk í rúmar tvær vikur.

Umdæmislæknir sóttvarna á Austurlandi sendi frá sér tilkynningu í gær. Þar kemur fram að smitberar hafi farið víða um Austurland og séu starfsmenn í vinnu við að finna það fólk sem gæti hafa smitast af þeim. „Nú hafa einstaklingar sem voru í framangreindum vélum veikst og staðfest er að um mislinga er að ræða. Á þeim tíma sem þeir teljast smitandi fóru þeir nokkuð víða innan Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs. Umdæmislæknir sóttvarna á Austurlandi og aðrir starfsmenn HSA vinna að því að finna þá sem helst má reikna með að hafi orðið útsettir fyrir smiti og ná sambandi við þá,“ segir í tilkynningu.

Hafa ber í huga að þau börn sem hafa nú smitast af mislingum smitast ekki vegna vanrækslu foreldra og tregðu þeirra til að bólusetja börn sín. Þau eru einfaldlega of ung til að fá bólusetningu við mislingum sem gerist í átján mánaða aldur hér á landi. **sveinn@frettabladid.is**




## Félagsmenn Eflingar beittir þrýstingi

**KJARAMÁL** Stéttarfélagið Efling kveðst hafa upplýsingar um tilfelli þar sem atvinnurekendur á félagssvæði Eflingar hafi haft óeðlileg afskipti af þátttöku félagsmanna í atkvæðagreiðslum um verkfallsboðun. Um er að ræða tilfelli bæði í hótelrekstri og hjá hópbifreiðafyrirtækjum.

Samkvæmt tilkynningu frá Eflingu hefur Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, sent almennt erindi til hótelrekenda og forsvarsmanna hópbifreiðafyrirtækja vegna þessa. Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, hefur haft samband við framkvæmdastjóra nokkurra fyrirtækja í hótel- og hópbifreiðageiranum vegna kvartana frá félagsmönnum og minnt á réttindi þeirra.

„Hér er því miður um ákveðið mynstur að ræða,“ segir Viðar. „Við söfnum upplýsingum um þessi tilvik og munum svo vega og meta til hvaða aðgerða verður gripið.“




**Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Samkvæmt kvörtunum félagsmanna eiga yfirmenn að hafa í einhverjum tilfellum boðað til funda með starfsmönnum og haft uppi hótanir um að verkfallsaðgerðir og jafnvel kosningaþátttaka geti haft skaðlegar efnahagslegar afleiðingar fyrir starfsmennina. Slíkar yfirlýsingar brjóta gegn lögum um stéttarfélög og vinnudeilur að mati Eflingar.

„Það er sorglegt að atvinnurekendur skuli standa í vegi fyrir því að félagsmenn Eflingar geti tekið afstöðu í löglega boðaðri atkvæðagreiðslu,“ segir Sólveig Anna. „Efling tekur allar tilraunir til að beita félagsmenn okkar óeðlilegum þrýstingi alvarlega.“ **– smj**

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ

## MIKIÐ ÚRVAL AF TILBÚNUM RÉTTUM FRÁ

## REMA 1000




BIXIE MEÐ KARTÖFLUMÚS **530 kr.**

GÚLLAS MEÐ KARTÖFLUMÚS **555 kr.**

DÖNSK BUFF **563 kr.**

STEIKTUR KJÚKLINGUR **992 kr.**




KJÖTBOLLUR Í KARRÝ **348 kr.**

PASTA CARBONARA **225 kr.**

RISOTTO MEÐ SVEPPUM **312 kr.**

KJÚKLINGA SÚPA **304 kr.**

REMA 1000 ÞVOTTAEFNI
REMA 1000
SVANSMERKT OG ÁN OFNÆMISVALDA




FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI **705 kr.** FYRIR SVART ÁN ILMEFNA

FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI **440 kr.** FYRIR LIT MEÐ ILMEFNUM

ÞVOTTADUFT **391 kr.** FYRIR LIT ÁN ILMEFNA

FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI **391 kr.** FYRIR LIT ÁN ILMEFNA

FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI **439 kr.** FYRIR ULL OG VIÐKVÆMAN ÞVOTT

FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI **570 kr.**

FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI **440 kr.**

ÞVOTTADUFT **391 kr.** FYRIR HVÍTT ÁN ILMEFNA

# Misjafnt hversu mikil eftirspurn er eftir háskólamenntuðum

**SKÓLAMÁL** Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, segir mikilvægt að nemendur séu vel upplýstir um þá möguleika sem þeir hafa að loknu námi. HÍ hefur stigið skref til að efla starfsráðgjöf og leitar leiða til að styrkja tengsl milli náms og starfsvettvangs.

Fram kom í skýrslu Vinnumálastofnunar fyrir janúarmánuð að atvinnuleysi meðal háskólamenntaðra hefur aukist verulega á síðustu mánuðum. Jón Atli segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að mikilvægt sé að nemendur séu vel upplýstir um þá möguleika sem þeir hafa að loknu námi. Búið sé að efla starfsráðgjöf Háskólans á undanförnum misserum, meðal annars með tilkomu Tengslatorgs sem er atvinnumiðlun fyrir stúdenta og skipulagðri dagskrá Atvinnudaga HÍ.

Eftirspurnin sveiflast eftir tímabilum og fræðasviðum. „Það er misjafnt eftir fræðasviðum og tímabilum hversu mikil eftirspurn er eftir háskólamenntuðu fólki í samfélaginu. Þannig er t.d. mikil eftirspurn eftir háskólamenntuðum kennurum um þessar mundir og við erum að bregðast við því í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið,“ segir Jón Atli.



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.

„Við viljum líka undirstrika að háskólanám hefur gildi í sjálfu sér og háskólamenntað fólk skapar oft nýjar atvinnugreinar og þannig eykst eftirspurn eftir háskólamenntuðu fólki. Við sjáum líka að með fjölbreyttara hátæknisamfélagi eykst þverfræðileg samvinna milli ólíkra fræðasviða sem skapar mörg ný tækifæri fyrir háskólafólk.“

Um síðustu helgi kynntu sjö háskólar á Íslandi yfir 500 námsbrautir sem standa nemendum til boða í haust.

„Á haustmisseri 2018 voru vinsælustu greinarnar hjá nýnemum í grunnnámi viðskiptafræði, sálfræði, hjúkrunarfræði, lögfræði, tölvunarfræði, lífeindafræði og félagsráðgjöf en í framhaldsnámi opinber stjórnsýsla, lögfræði, uppeldis- og menntunarfræði og læknisfræði.“

arib@frettabladid.is

# Innflutningur á kjöti hefur lítil áhrif

**Frestur til að senda inn umsögn um frumvarp sem heimilar innflutning á fersku kjöti rennur út í dag. Meirihluti landsmanna er á móti tilslökunum á innflutningi. Doktor í líffræði segir að þegar kemur að bakteríum skipti litlu sem engu máli hvort kjöt sé fryst eða ekki.**



Kampýlóbakter sem kemur til landsins í kjöti deyr ef kjötið er eldað í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**HEILBRIGÐISMÁL** Innflutningur á fersku kjöti til Íslands hefur sáralítil áhrif á hvort hingað til lands berist sýklalyfjaónæmar bakteríur. Þetta segir doktor í líffræði.

Í dag rennur út frestur til þess að skila umsögnum um frumvarp landbúnaðarráðherra sem heimilar innflutning á fersku kjöti. Með frumvarpinu er afnumin 30 daga frystiskylda. Í gær greindi Fréttablaðið frá könnun Zenter rannsókna sem sýndi að meirihluti landsmanna sé andvígur því að slakað verði á reglum um innflutning á ferskum matvælum.

Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir, doktor í líffræði sem starfar á Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum, segir í samtali við Fréttablaðið að það skipti litlu sem engu máli hvort búið sé að frysta kjöt áður en það er flutt til landsins þegar litið er til sýklalyfjaónæmra baktería. Einu áhrifin sem afnám frystiskyldunnar gætu haft í för með sér er aukin hætta á kampýlóbakter, bakteríu sem finnst helst í alifuglakjöti.

„Frysting minnkar magn kampýlóbakter í kjötinu, það er það eina sem sýnt hefur verið fram á að frystingin geri. Frysting hefur ekki áhrif á aðrar bakteríur og ekki á ónæmið,“ segir Þórunn, en hún er sérfræðingur í sýklalyfjaónæmum bakteríum.

Hingað til lands eru flutt nokkur þúsund tonn af frystu kjöti á ári, hátt í fjögur þúsund tonn árið 2017 en dróst saman í fyrra. Þórunn segir erfitt að meta hvort sá innflutningur, sem er í raun óheftur umfram tollkvóta, hafi áhrif á fjölgun fjölónæmra baktería í mönnum hér á landi. Nærtækara sé þó að benda á aukna notkun sýklalyfja í mönnum og ferðalög fólks heimshorna á milli en á innflutning á kjöti. „Ef frystiskyldan verður afnumin þá eru auknar líkur á að fólk smitist af kampýlóbakter, sem gæti verið ónæmur fyrir sýklalyfjum, en ef fólk meðhöndlar matinn og eldar rétt þá ætti ekki að vera nein hætta á að smitast af kjötinu.“

Smithættan sé þá engin ef fólk eldar kjúkling í gegn og heldur óelduðu kjötinu fjarri grænmeti og öðru sem er borðað hrátt. „Þegar við eldum kjúklinginn eins og á að gera, þá drepum við bakteríurnar, líka þessar ónæmu.“

arib@frettabladid.is

> **Þegar við eldum kjúklinginn eins og á að gera, þá drepum við bakteríurnar, líka þessar ónæmu.**
>
> Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir, doktor í líffræði








# Stífla ógnar tilvist órangútanategundar

**INDÓNESÍA** Tapanuli-órangútanar, sú tegund órangútana sem er í einna mestri útrýmingarhættu, eiga nú dauðann vísan eftir að indónesískur dómstóll úrskurðaði fyrirhugaða byggingu stíflu í Batang Toru-skógi á indónesísku eynni Súmötru löglega. Þetta hafði BBC eftir indónesískum dýraverndunarsinnum í gær.

Talið er að einungis 800 tapanuli-órangútanar séu eftir í heiminum. Allir búsettir á þessu sama svæði. Tapanuli-órangútanar voru ekki skilgreindir sem sérstök tegund fyrr en árið 2017 en samkvæmt sérfræðingi við réttarhöldin þýðir bygging stíflunnar nær örugglega útrýmingu tegundarinnar. Að auki búa til dæmis súmötrutígrisdýr og gibbonapar í skóginum.

Dagblaðið Jakarta Post hefur greint frá því að kínverska ríkisfyrirtækið Sinohydro muni reisa stífluna og kínverski ríkisbankinn Zhōngguó Yínháng er einn af þeim alþjóðlegu bönkum sem fjármagna verkefnið. Stíflan á að sjá íbúum og fyrirtækjum í Norður-Súmötrufylki fyrir rafmagni og er stefnt að því að ljúka byggingu hennar árið 2022.

Umhverfisverndarsamtökin Wahli höfðu kært byggingu stíflunnar en eins og áður segir var verkefnið metið löglegt. Wahli ætlar að áfrýja úrskurðinum og hefur kallað eftir því að Kínverjar hætti við að fjármagna verkefnið.

BBC hafði eftir Serge Wich, sérfræðingi í verndun prímata, að hann væri steinhissa á því að verkefni sem þetta væri yfirhöfuð á dagskrá. „Þau ætla að byggja stífluna á þeim stað sem flestir órangútanar búa í skóginum. Þetta er versta mögulega staðsetning,“ sagði hann. – þea




Wahli-liðar hafa mótmælt stíflunni fyrirhuguðu harðlega. NORDICPHOTOS/AFP

> **Aðeins 800 tapanuli-órangútanar eru eftir í heiminum. Tegundin er því í bráðri útrýmingarhættu.**




# Til leigu

## Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

## Lítil skref



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Frumskógarlögmál og verðbólga ríkja á húsnæðismarkaði. Þetta kristallast meðal annars í þeirri staðreynd að húsnæðisverð hefur hækkað um 100 prósent á síðustu átta árum í stærsta sveitarfélagi landsins þar sem flestir búa. Þessi óviðunandi staða er síst til þess fallin að liðka fyrir þeirri grafalvarlegu stöðu sem upp er komin í deilum milli aðila vinnumarkaðarins.

Krafa verkalýðsfélaganna í yfirstandandi kjaraviðræðum um að bæta aðstæður fólks á húsnæðismarkaði er engin tilviljun. Forkólfar þessara verkalýðsfélaga hafa látið hafa eftir sér að launahækkanir undanfarinna ára hafi brunnið upp á húsnæðismarkaði. Forseti ASÍ lýsti yfir neyðarástandi í þeim efnum á dögunum.

Verð á húsnæði hefur óumdeilanlega hækkað umfram launaþróun undanfarin misseri. Erfitt er fyrir ungt fólk að stíga fyrstu skrefin inn á húsnæðismarkað. Leiguverð hefur hækkað upp úr öllu valdi. Íbúðalánasjóður metur sem svo að fleiri þúsundir íbúða vanti inn á markaðinn svo jafnvægi náist.

Það er til mikils að vinna að lending náist milli deiluaðila í kjaraviðræðum. Staðan á húsnæðismarkaði og sífellt harðnandi deilur á vinnumarkaði haldast óhjákvæmilega í hendur. Stjórnvöld þurfa að bregðast við sjálfsköpuðum vanda með einhverjum hætti. Þar er hlutur sveitarfélaganna mestur. Eitt af því sem stjórnmálamenn geta gert strax, nú á viðkvæmum tímum, er að lækka álögur og skatta á fasteignaviðskipti. Slík gjöld hafa áhrif til hækkunar fasteignaverðs, draga úr framboði og rýra hlut kaupenda, seljenda og leigjenda.

Tvö lítil skref voru stigin í þá átt í gær. Annars vegar mæltu þingmennirnir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Þorsteinn Víglundsson fyrir afnámi svokallaðs stimpilgjalds, sem er 0,8 prósent gjald af verði fasteignar við kaup. Fyrir 35 milljóna króna íbúð greiðir kaupandinn því stimpilgjald upp á 300 þúsund krónur við kaupin. Þetta gjald vilja þingmennirnir fella niður.

Hins vegar lögðu Sjálfstæðismenn í borgarstjórn meðal annars til að svokölluðum byggingarréttargjöldum yrði stillt í hóf. 25 þúsund króna lækkun á því gjaldi á fermetra myndi lækka leigu á 90 fermetra íbúð um eitt hundrað þúsund krónur á ári.

Þótt afnám stimpilgjalds skipti ef til vill ekki sköpum fyrir fólk við fasteignakaup og hundrað þúsund krónur á ári sé ekki nægjanleg lækkun fyrir þá verst settu á leigumarkaði eru hugmyndirnar góðar og uppbyggilegar. Það var því miður að meirihlutinn í borgarstjórn skyldi fella tillöguna um byggingarréttargjöld.

Mörg lítil skref geta fleytt okkur ansi langt. Það væri óskandi að fleiri hugmyndir af svipuðum toga yrðu bornar á borð af hálfu stjórnmálamanna. Á meðan erum við að minnsta kosti að þokast í rétta átt.

**Eitt af því sem stjórnmálamenn geta gert strax, nú á viðkvæmum tímum, er að lækka álögur og skatta á fasteignaviðskipti.**

Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

### Halldór




## Frá degi til dags

**Ljónynjan**

**Þótt engin séu pálmatrén í ráðhúsinu er frumskógarlögmálið þar í hávegum. Vigdís Hauksdóttir sá vinnustað sinn endurspeglast í þætti Davids Attenborough Lífsbarátta í náttúrunni á RÚV þegar Attenborough beindi tökuvélinni að ljónunum. „Ég horfði á rosalegan fræðsluþátt um líf ljóna í kvöld,“ sagði Vigdís á Facebook og tengdi greinilega við ljónynjurnar. „En það er sko ekkert grín að vera ljónynja – hún sér um allt í ljónheimum en er samt beitt gríðarlegu ofbeldi.“ Ógott enda fá merki á lofti um að dýrin í skógi Vigdísar muni í bráð lúta lögum Marteins skógarmúsar og vera bara öll vinir.**

**Gullasninn**

**Magnús Ragnarsson, fyrrverandi sjónvarpsstjóri Skjás eins, hefur lengi viljað RÚV af auglýsingamarkaði. Hann sætti færi á laugardaginn þegar Söngvakeppnin var á dagskrá en ólíkt mörgum sem hafa horn í síðu RÚV lét hann þó eiga sig að amast við meintu Hatara-samsæri og hjó aftur í sama knérunn á Twitter þar sem hann benti á að Söngvakeppnin hefði verið plássfrek í fréttum RÚV þann daginn „enda mikið í húfi að tryggja áhorf þrátt fyrir meinta Kínamúra frétta og auglýsingasölu. Sannar hið fornkveðna að enginn múr sé svo hár að yfir hann komist ekki asni klyfjaður gulli.“ thorarinn@frettabladid.is**

## Frelsi til að grilla



Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks

Með bættum lífskjörum verða Íslendingar veraldarvanari. Algengt er að fólk ferðist víða um heim, verji tíma í stórborgum og jafnvel afli sér menntunar eða starfi erlendis. Það er vant fjölbreyttu borgarlífi sem og úrvali vöru og þjónustu. Það nýtur þess að heimsækja matarmarkaði og sælkerabúðir með fjölbreyttu úrvali ferskvöru, sem finna má í stórborgum. Það vill velja um jarðarber frá Spáni eða Íslandi og það hvort ferska steikin komi frá Hollandi eða Íslandi.

Ég fagna frumvarpi Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem heimilar innflutning á ófrosnum landbúnaðarvörum í auknum mæli. Takmarkanir á innflutningi ferskvöru eru óheimilar samkvæmt EES-samningnum auk þess sem það er neytendum alltaf til hagsbóta að hafa val. Ábati neytenda af frumvarpinu er metinn á 900 milljónir króna en kostnaður af því að hlíta ekki EES-samningnum næmi milljörðum.

Fryst nautakjöt hefur verið flutt til landsins í fjölda ára og er markaðshlutdeild þess um 23%. Þá hefur frysting lítil sem engin áhrif á veiru- og bakteríusjúkdóma í dýrum að mati yfirdýralæknis og sóttvarnalæknis. Hér starfa öflugar stofnanir sem sinna eftirliti með innflutningi og þær munu, hér eftir sem hingað til, leggjast á eitt við að tryggja lýðheilsu og vernd búfjár.

Ísland á í harðri samkeppni við önnur lönd um fólk. Það er allra hagur að ungt fólk velji að búa hér. Landið þarf að vera samkeppnishæft þegar kemur að hinum ýmsu lífsgæðum. Þá skapast hvati fyrir íslenskan landbúnað að gera sínar afurðir að fyrsta kosti. Það mun óhjákvæmilega ýta undir nýsköpun í greininni. Síðan tollar voru felldir niður af tómötum, gúrkum og papriku hefur framleiðsla hérlendis aukist hressilega auk þess sem neytendur höfðu mikinn ábata af breytingunni.

Fyrst og fremst eigum við að treysta fólki. Við eigum að treysta íslenskum landbúnaði til að standast erlendum snúning, eftirlitsstofnunum til að sinna sínu eftirliti af myndugleika og ekki síst að treysta neytendum til að kjósa hvað þeir láta ofan í sig.

**Við eigum að treysta íslenskum landbúnaði til að standast erlendum snúning.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Til varnar femínisma II



**Jón Baldvin Hannibalsson**
fyrrverandi formaður Alþýðuflokksins

Í fyrri grein (Fréttablaðið 14.02.19) sagði ég dæmisögu frá Kanada, um það hvernig öfgafemínistar eru að koma óorði á femínismann, þar rétt eins og hér. Saklaus maður var lýstur sekur án dóms og laga og líf hans lagt í rúst. Það var á þeirri stundu, sem Margaret Atwood, dáður höfundur meira en 40 bóka og heimsfrægur talsmaður femínista, kvaddi sér hljóðs í grein sinni „Am I a bad feminist?“ (13. jan. 2018) til að segja: „Hingað – en ekki lengra. Um mig hefur verið sagt, að ég hafi brotist til frama á ritvellinum með því að standa blóðug upp að öxlum yfir höfuðsvörðum feðraveldisins. Það var kannski svolítið ýkt. En – kæru systur – nú er mér nóg boðið. Sú var tíð, að við vantreystum réttarkerfinu. En ætlum við að svara fyrir okkur með réttarmorði, utan réttarsala?“

Er þetta ekki klassískur Kiljan: „Vont er þeirra ranglæti, en verra er þeirra réttlæti“?

Með þessu var Atwood að verja dýrmætustu arfleifð vestrænnar menningar – sjálft réttarríkið. Þegar á reynir, þurfum við öll á vernd þess að halda. Án þess hröpum við aftur niður í villimennsku. Sagan – líka nýleg saga – geymir ótal dæmi um þetta. Aftökur án dóms og laga. Fangelsanir fyrir engar sakir. Nornabrennur. Trúarofsóknir. Skoðanakúgun. Ritskoðun. Bókabrennur. Og það versta er þetta: Valdbeiting af þessu tagi er iðulega í upphafi réttlætt í nafni mannréttinda! Meira að segja Cosa Nostra – ítalska mafían – táknmynd hins gerspillta þjóðfélags, sem þrífst utan við lög og rétt, byrjaði upphaflega sem uppreisn gegn pólitískri harðstjórn.

Fleiri dæmi: Frelsisbarátta Kínverja gegn vestrænni nýlendukúgun var um skeið afvegaleidd í ofbeldi Rauðu varðliðanna. Rússneska byltingin gegn lénsveldi keisarans endaði í hinum Rauða terror Stalíns. Uppreisn Þjóðverja gegn óbærilegri fjárpynd sigurvegara fyrri heimsstyrjaldar endaði í geggjaðri þjóðrembu og Gyðingaofsóknum. Og nær okkur í tíma: Uppreisn Írana gegn pyntingameisturum Keisarans endaði í ógnarstjórn klerkaveldisins. Frelsisbarátta Nelsons Mandela í Suður-Afríku er þessi misserin að brotlenda í þjófabæli nýrrar elítu.

Hvernig svara öfgafemínistar þessari málefnalegu gagnrýni? Hinir herskáustu yppa öxlum og segja: Allar byltingar krefjast sinna fórnarlamba – so be it!

Allt í kringum okkur er verið að þrengja að lýðræðinu – m.a.s. Evrópuhugsjónin er að snúast upp í andhverfu sína í sumum löndum: Þjóðrembu og ofbeldi gegn minnihlutahópum og innflytjendum. Sjálft lýðræðið er í hættu.

**Ætlum við að taka réttlætið í eigin hendur með ofbeldi? Eða ætlum við að knýja fram umbætur með lýðræðislegum aðferðum?**

**Það er tómt mál að tala um lýðræði án réttarríkisins**

Þrátt fyrir að Atwood stigi fram og bæri sannleikanum vitni gegn ofstæki og öfgum, varð hún engu að síður skotspónn heiftúðugrar gagnrýni frá konum, sem þóttust tala í nafni kvenréttinda og kenndu sig við #metoo-hreyfinguna.

Atwood var sökuð um svik. Hún var sögð gengin á hönd feðraveldinu. Hún var sökuð um að hreykja sér í yfirlæti elítunnar í Toronto og að hafa misst jarðsambandið við grasrótina. Umkomulausar konur sættu stöðugt ofbeldi karlkynsins, án þess að þora að leita réttar síns í réttarkerfinu. Réttarkerfið væri bara fyrir fínu konurnar í elítunni. Hinar væru áfram dæmdar til að þola ofbeldið í þögn. Reynslan kennir að það var eitthvað hæft í þessu. En eftir stendur spurningin: Helgar tilgangurinn meðalið?

Atwood tók mildilega á þessari gagnrýni. Hún tók undir það, að hið hefðbundna réttarkerfi hefði reynst vera andsnúið konum. Kúltúr löggæslunnar hefði löngum verið karllægur. Kerfið væri svifaseint. En þá stöndum við frammi fyrir vali, rétt einu sinni enn, eins og allar umbótahreyfingar fyrr og síðar hafa gert.

Ætlum við að taka réttlætið í eigin hendur með ofbeldi? Eða ætlum við að knýja fram umbætur með lýðræðislegum aðferðum? Hvernig? Gerum við það með því að dæma menn án dóms og laga? Eða með því að sameinast um umbætur á löggjöf og reglusetningu?

Viðvörunarorð Margret Atwood blífa: „Á öld öfganna vinna öfgamenn. Hugmyndafræði þeirra verður að stóra sannleik – trúarbrögðum. Hver sá sem ekki hlítir rétttrúnaðinum er stimplaður sem svikari við málstaðinn. Villutrúarmaður. Raddir hinna hófsömu sem vilja verja gildi réttarríkisins eru þaggaðar niður. Raddir vorsins þagna líka í mannheimum.“

Þetta snýst nefnilega allt saman um mannréttindi. Og konur eru menn. Mannréttindi verða ekki sundur slitin: Hvorki eftir kynferði, kynþætti, litarhætti, þjóðerni – né neinu öðru. Við erum að tala um mannréttindi Og án réttarríkisins eru engin mannréttindi.

Látum ekki ofstæki, ofbeldi og hatur taka völdin. Stöndum saman, konur og karlar, í sameiginlegri baráttu fyrir mannréttindum, sem njóti verndar réttarríkisins.







ÁFALLASAGA KVENNA –
FYRSTU NIÐURSTÖÐUR

Á einu ári hafa um 30.000 konur á Íslandi skráð sig til þátttöku í rannsókninni, Áfallasaga kvenna. Skráning nýrra þátttakenda stendur yfir fram á vor. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, þann 8. mars verður opinn kynningarfundur um fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar og framtíðaráform.

Verið öll hjartanlega velkomin.

**Með þekkingu breytum við heiminum.**

**Fundartími: 8. mars, kl 12.00-13.15**
**Fundarstaður: Hús Íslenskrar erfðagreiningar**
**Sturlugata 8, Reykjavík**

Dagskrá


**Katrín Jakobsdóttir**
forsætisráðherra


**Jón Atli Benediktsson**
rektor Háskóla Íslands


**Alma Möller**
landlæknir


**Unnur Anna Valdimarsdóttir**
prófessor við Læknadeild HÍ
Áfallasaga kvenna – fyrstu niðurstöður


**Stefanía Sigurðardóttir**
fv. markaðsstjóri
Af áföllum og kulnun – reynslusaga


**Kári Stefánsson**
læknir og forstjóri ÍE
Erfðir, umhverfi og heilsufar


**Arna Hauksdóttir**
prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands
**Fundarstjóri**

Áfallasaga kvenna
Vísindarannsókn Háskóla Íslands
ÍSLENSK ERFÐAGREINING

# Man.Utd í einkar erfiðri stöðu

Keppni heldur áfram í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu karla í kvöld. Manchester United er í snúinni stöðu í viðureign sinni gegn PSG. Roma reynir svo að lappa upp á erfitt tímabil sitt.



Lærisveinar Ole Gunnars Solskjær þurfa að minnsta kosti tvö mörk til þess að komast áfram. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Manchester United á afar erfitt verkefni fyrir höndum í kvöld þegar liðið heldur á Parc des Princes og heimsækir PSG í seinni leik liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu karla.

PSG fór með 2-0 sigur af hólmi í fyrri leik liðanna á Old Trafford en þar voru það Presnel Kimpembe og Kylian Mbappé sem tryggðu franska liðinu einkar góða stöðu fyrir seinni viðureignina.

Til þess að bæta gráu ofan á svart fékk Paul Pogba sína aðra áminningu seint í leiknum fyrir óagað brot og var þar af leiðandi vísað af velli með rauðu spjaldi. Pogba hefur verið einn af prímusmótorunum í því að Ole Gunnar Solskjær hefur náð að snúa gengi Manchester United til betri vegar eftir að hann tók við stjórnartaumunum hjá liðinu. Fjarvera Pogba dregur tennurnar verulega úr miðjuspili og sóknarleik Manchester United.

Þar að auki ferðaðist Manchester United til Parísar án níu leikmanna en Alexis Sánchez sem hefur reyndar heillað fáa með spilamennsku sinni í vetur er nýjasti meðlimurinn á meiðslalista Manchester United. Auk hans eru það Anthony Martial, Jesse Lingard, Juan Mata, Ander Herrera, Nemanja Matic, Matteo Darmian, Phil Jones og Antonio Valencia. Martial er nálægt því að vera leikfær og líklegt þykir að ef staðan væri betri hjá Manchester United þá hefði Solskjær freistast til þess að tefla franska landsliðsframherjanum fram í þessum leik.

Handan við hornið hjá Manchester United er leikur gegn Arsenal í ensku úrvalsdeildinni en liðin berjast hatrammlega um sæti í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð. Manchester United situr í fjórða sætinu, sem tryggir farseðil í Meistaradeildina, með 58 stig fyrir þann leik en Arsenal er sæti neðar með einu stigi minna.

> **10**
> **Leikmenn Man. United verða ekki með vegna meiðsla eða leikbanns.**

Þó svo að Manchester United reyni auðvitað sitt ýtrasta til þess að snúa taflinu við í París í kvöld þá verður Ole Gunnar líklega með leikinn gegn Arsenal á sunnudaginn kemur bak við eyrað og mun ekki taka áhættuna ef leikmenn kenna sér einhvers meins í leiknum. Norðmaðurinn má eiginlega ekki við því að missa fleiri leikmenn í meiðsli. Það er hins vegar ávallt þannig að þegar út í leik er komið þar sem sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar er í húfi þá gefa menn allt sem þeir eiga í leikinn.

Hinn leikur kvöldsins er svo viðureign Porto og Roma í Portúgal. Rómverjar lögðu Porto að velli 2-1 í fyrri leiknum. Þar skoraði hinn ungi Nicoló Zaniolo bæði mörk Roma en Adrián López minnkaði muninn fyrir Porto og sá til þess að portúgalska liðið á mun betri möguleika á að tryggja sér sæti í átta liða úrslitunum.

Mikil pressa er á Eusebio Di Francesco, þjálfara Roma, fyrir leikinn en fjölmiðlar á Ítalíu gera því skóna að falli lið hans úr leik muni hann fá reisupassann í kjölfarið. Roma situr í fimmta sæti ítölsku efstu deildarinnar og tapaði illa, 3-0, í nágrannaslag gegn Lazio um síðustu helgi. **hjorvaro@frettabladid.is**

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**Real Madrid - Ajax 1-4**
0-1 Hakim Ziyech (7.), 0-2 David Neres (18.), 0-3 Dusan Tadic (62.), 1-3 Marco Asensio (70.), 1-4 Lasse Schöne (72.).

**Viðureignin endaði samanlagt 5-3 fyrir Ajax sem er þar af leiðandi komið áfram í átta liða úrslit keppninnar.**

**Dortmund - Tottenham 0-1**
0-1 Harry Kane (49.).

**Viðureignin endaði samanlagt 4-0 fyrir Tottenham Hotspur sem er þar af leiðandi komið áfram í átta liða úrslit keppninnar.**

**Domino's kvenna**

**Valur - Haukar 85-55**
**Valur:** Heather Butler 17, Hallveig Jónsdóttir 14, Helena Sverrisdóttir 11, Dagbjört Samúelsdóttir 11, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 10, Simona Podesvova 8.
**Haukar:** Bríet L. Sigurðardóttir 15, Rósa B. Pétursdóttir 13, Eva Margrét Kristjánsdóttir 11, Þóra Kristín Jónsdóttir 9, Sigrún Björg Ólafsdóttir 4, Stefanía Ósk Ólafsdóttir 3..

## Einar á leið til Færeyja í sumar

**HANDBOLTI** Handboltaþjálfarinn Einar Jónsson tekur við þjálfun karlaliðs H71 í Færeyjum eftir að keppnistímabilinu hér heima lýkur.

Hann mun þar af leiðandi hætta störfum hjá Gróttu að lokinni þessari leiktíð. Það er Morgunblaðið sem greinir frá þessu en þar kemur fram að hann geri tveggja ára samning við félagið sem hefur aðsetur í Hoyvík í útjaðri Þórshafnar.

H71 er sigursælt félag og er núverandi meistari í Færeyjum. Einar hefur áður þjálfað utan landsteinanna en hann stýrði kvennaliði Molde í Noregi um tíma. **– hó**

NÝR TRANSIT CONNECT
FLOTTARI OG BETRI!
Með nýtt útlit bæði að innan sem utan og tæknilegri en nokkru sinni áður hefur nýi Transit Connect þróast á næsta stig hvað varðar þægindi og öryggi.
Staðalbúnaður er mjög ríkulegur og má þar nefna upphitanleg framsæti, Webasto olíumiðstöð með tímastilli (standard heitur á morgnana), upphitanlega framrúðu, Easy Fuel eldsneytisáfyllingu, spólvörn, brekkuaðstoð og margt fleira.
VERÐ FRÁ:
2.790.000 KR. M. VSK


brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16
ford.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Tryggvi Valsteinsson**

Dvergagili 30, Akureyri,

lést föstudaginn 1. mars. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju miðvikudaginn 13. mars kl. 13.30.

**Agnea Tryggvadóttir**
**Ólöf Tryggvadóttir** **Hermann Skírnir Daðason**
**Jóhanna K.T. Jessen** **Rainer Lorenz Jessen**
**Óskar Valsteinn Tryggvason**
**Júlíus Þór Tryggvason** **Gyða Jóna Gunnarsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Veronika Pétursdóttir**

lést 13. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Kristín Ólafsdóttir** **Sigurður Guðjónsson**
**Pétur Ólafsson**
**Bjarki H. Ólafsson** **Kristín Helga Friðriksdóttir**
**Sigþrúður Ólafsdóttir** **Björn J. Hannesson**
**Guðrún Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Malmquist**

fv. forstjóri Byggðastofnunar,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold föstudaginn 1. mars. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 7. mars kl. 15.

**Sigríður J. Malmquist**
**Ásta Malmquist** **Eggert Teitsson**
**Rúna Malmquist** **Torfi Kristjánsson**
**Jón Eðvald Malmquist** **Guðrún K. Rúnarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Okkar ástkæri

**Magnús Þorgrímsson**

sálfræðingur, Eikjuvogi 28, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 25. febrúar á gjörgæsludeild Landspítalans, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju föstudaginn 8. mars kl. 15.00. Fjölskyldan sendir innilegar þakkir til starfsfólks Landspítalans. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Geðhjálp, Krabbameinsfélagið eða Hjartaheill njóta þess.

**Ingibjörg Grétarsdóttir, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, Margrét Helga Magnúsdóttir, Þorgrímur Magnússon og Unnar Uggi Huginsson**

---



Okkar elskulegi

**Jóhannes Gísli Pálmason**

frá Sámsstöðum

lést 24. febrúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 11. mars kl. 13.30.

**Sindri Snær Jóhannesson** **Emilía Rós Elíasdóttir**
**Elísabet Ýr Jóhannesdóttir**
**Jón Pálmi Jóhannesson**
**Helga Jónsdóttir**
**Jón Pálmi Gíslason**
**Helga Sigríður Árnadóttir** **Þórður Grétar Andrésson**
**Sveinbjörg Sigrún Pálmadóttir**
**Eva Hrönn Pálmadóttir** **Ársæll Örn Heiðberg**
**Marsibil Sara Pálmadóttir** **Jens Kristinn Elíasson**
**og fjölskyldur.**

---

# Sjónum beint að karlabókmenntum

Hvað er svona merkilegt…? er yfirskrift árlegs málþings bókabæjanna austanfjalls sem fram fer í Tryggvaskála á Selfossi á morgun, 7. mars, og hefst klukkan 19. Síðasta málþing nefndist Kerlingabækur en nú er sjónum beint að karlabókmenntum. Ásta Kristín Benediktsdóttir íslenskufræðingur og Einar Kári Jóhannsson bókmenntafræðingur fjalla um karlmennskukomplexa Elíasar Mar og karlmennsku í íslenskum stríðsbókum.

„Lengi voru flestar bækur karlabækur en nú getur maður látið sér detta í hug hið gagnstæða því konurnar sækja svo hratt fram,“ segir Bjarni Harðarson, útgefandi og bóksali. „En hvað eru karlabókmenntir? Í fornbókabúðinni minni er skúffa með vafasömu lesefni sem var vinsælt að gefa út og selja á skuggsælum stöðum. Líklega voru það, með vissum hætti, karlabækur en margt fleira kemur til greina. Á seinni árum hefur meira verið horft á hvað séu kvennabókmenntir.“

Bjarni er einn rithöfundanna í pallborði sem velta fyrir sér hugtakinu karlabókmenntir. Hinir eru Auður Ava Ólafsdóttir, Hallgrímur Helgason og Ragnar Jónasson. Kynnar verða Harpa Rún Kristjánsdóttir og Jón Özur Snorrason, skipuleggjendur þingsins.

Boðið verður upp á leiklist og tónlist. Bræðurnir Gústav og Ólafur Stolzenvald flytja líka kontrakvæði með karlmennskuívafi og Leikfélag Ölfuss sýnir brot úr Saumastofunni eftir Kjartan Ragnarsson. Ókeypis aðgangur er meðan húsrúm leyfir. – gun



**„Ég var bara plataður í pallborðið,“ segir Bjarni Harðarson.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, frænka, amma, langamma og langalangamma,

**Guðbjörg Ámundadóttir**

Minna-Núpi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi,

lést á Dvalarheimilinu Ási, Hveragerði, mánudaginn 4. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðrún Ingólfsdóttir** **Auðunn Gestsson**
**Herdís Kristjánsdóttir** **Trausti Sveinbjörnsson**
**Ámundi Kristjánsson**
**Viðar Ingólfsson** **Nína Björg Borgarsdóttir**
**Guðbjörg Emma Ingólfsd.** **Gunnlaugur Óttarsson**
**Snorri Arnarson** **Erla Gunnarsdóttir**
**Erla Arnardóttir** **Ingi Björnsson**
**langömmu- og langalangömmubörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Rögnvaldur Egill Sigurðsson**

sem lést mánudaginn 18. febrúar, verður jarðsunginn frá Reykjahlíðarkirkju í Mývatnssveit laugardaginn 9. mars kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Stefán.

**Jóhanna Rögnvaldsdóttir** **Gústaf Jóhannsson**
**Sigurður Rögnvaldsson** **Elín E. Magnúsdóttir**
**Sigurlaug Rögnvaldsdóttir** **Sigurður Pálsson**
**Agla Rögnvaldsdóttir** **Karl Emil Sveinsson**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragna Pálsdóttir**

lést fimmtudaginn 21. febrúar á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Húsavík. Jarðarförin fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 9. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarfélag HSN, Húsavík.

**Guðrún Stefanía Steingrímsd.** **Gunnar Jóhannesson**
**Páll Steingrímsson** **Svava Björg Kristjánsd.**
**Björn Steingrímsson** **Halldóra Björk Ragnarsd.**
**Stefán Óli Steingrímsson** **Áslaug Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

---



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Vilborg Benediktsdóttir**

geislafræðingur, Akraseli 15,

lést á Droplaugarstöðum föstudaginn 22. febrúar. Jarðarförin fer fram á 88. afmælisdegi hennar þriðjudaginn 12. mars í Fossvogskirkju kl. 15.00.

**Anna Jóna Halldórsdóttir** **Daníel Daníelsson**
**Guðlaug Halldórsdóttir** **Ingimar Ólafsson**
**Jón Sigurður Halldórsson**
**Magnea Skjaldal Halldórsd.** **Stefán Ari Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðrún Sigurðardóttir**

lést sunnudaginn 3. mars. Hún verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 16. mars klukkan 14.00.

**Sigríður Níelsdóttir** **Gísli Vigfússon**
**Guðmundur G. Níelsson** **Guðrún Eyjólfsdóttir**
**Kristinn J. Níelsson** **Harpa Jónsdóttir**
**María Níelsdóttir** **Rúnar Már Jónatansson**
**Kristín Theodóra Nielsen**
**og ömmubörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Helga Ólöf Sigurbjarnadóttir**

Naustahlein 30, Garðabæ,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 23. febrúar. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 8. mars kl. 13.

**Ólafur M. Bertelsson**
**Bertel Ólafsson** **Unnur Sandholt**
**Sigurbjörg Jódís Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðný Ragnarsdóttir**

Fífuseli 16, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 28. febrúar. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 8. mars klukkan 13.

**Sigurrós Gísladóttir**
**Vilborg Gísladóttir** **Mohamed Adem Yusuf**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. mars 2019 — 9. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Með öll spilin á hendi

Bill Frankie, eigandi Indigo Partners, spilar fast og setur fram ný skilyrði. Skuldabréfaeigendur WOW air taki á sig tugprósenta afskriftir og endanlegur hlutur Skúla verði nánast hverfandi. »8-9

» Enn hefur ekkert formlegt bréf verið sent á skuldabréfaeigendur WOW air.

**750**

milljónir var það sem Skúli keypti fyrir í útboðinu.



»4

## Olíusjóðurinn tvöfaldaði fjárfestinguna á Íslandi

Norski olíusjóðurinn keypti skuldabréf Landsvirkjunar fyrir um 6,7 milljarða króna á síðasta ári. Heildarfjárfesting sjóðsins á Íslandi nam 13,7 milljörðum í lok síðasta árs borið saman við 7 milljarða í lok ársins 2017.

»6

## Íslenska krónan hefur reynt á þolrifin

Það er áskorun fyrir 77 ára gamalt fyrirtæki sem ber nafnið Coca-Cola að glíma við hollari neysluvenjur, segir forstjórinn. Það gætu verið fjögur ár í að vatn verði selt í meiri mæli en sykrað gos. Hagnaður jókst um átta prósent í fyrra.

»10

## Ljós í myrkrinu

„Hver er sinnar gæfu smiður og því er leikur einn fyrir Íslendinga að kasta frá sér tækifærinu á að festa í sessi lágt en eðlilegt vaxtastig,“ segir Konráð Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs.




# Bjóða um 5,5 prósenta hlut í Fossum til sölu



Þorbjörn Atli Sveinsson.

Þorbjörn Atli Sveinsson og Gunnar Freyr Gunnarsson, verðbréfamiðlarar og meðeigendur að Íslenskum fjárfestum, leita nú kaupenda að samtals 5,5 prósenta hlut sínum í A-flokki hlutabréfa í Fossum Mörkuðum. Óformlegar viðræður við áhugasama fjárfesta hafa átt sér stað á undanförnum vikum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Þorbjörn Atli og Gunnar Freyr, sem voru á meðal þeirra sem stóðu að stofnun Fossa markaða vorið 2015, sögðu upp störfum hjá verðbréfafyrirtækinu í mars í fyrra og gengu til liðs við Íslenska fjárfesta um sjö mánuðum síðar. Deilur hafa staðið yfir undanfarna mánuði um verðmæti eignarhluta þeirra í félaginu í tengslum við innlausn á hlutabréfunum. Stærstu hluthafar Fossa eru Sigurbjörn Þorkelsson, stjórnarformaður, Haraldur I. Þórðarson, forstjóri, og Steingrímur Arnar Finnsson, framkvæmdastjóri markaða.

Ágreiningurinn hefur farið fyrir dómstóla og í síðustu viku var málið þingfest fyrir héraðsdómi Reykjavíkur. Til stendur að tveir dómkvaddir matsmenn verði skipaðir til að fá úr því skorið hvert sé markaðsvirði eignarhluta Þorbjörns Atla og Gunnars Freys, sem þeir eiga í gegnum félögin Norðurvör og Selsvelli, í Fossum Mörkuðum.

Hagnaður Fossa í fyrra nam um 258 milljónum króna fyrir skatta og dróst saman um liðlega 55 milljónir milli ára. Tekjur félagsins jukust hins vegar um 56 milljónir og voru samtals 855 milljónir króna. Heildareignir Fossa voru um 546 milljónir í árslok 2018 og nam eigið fé félagsins um 388 milljónum. **– hae**

# Virði Kerecis gæti verið 11,4 milljarðar króna



Guðmundur Fertrand Sigurjónsson, forstjóri Kerecis.

Miðað við nýleg viðskipti með hlutabréf í Kerecis er heildarvirði íslenska nýsköpunarfyrirtækisins allt að 95 milljónir dala, jafnvirði tæplega 11,4 milljarða króna, eftir því sem fram kemur í stuttri kynningu sem fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hefur útbúið vegna fyrirhugaðs hlutafjárútboðs Kerecis og send var fjárfestum í síðasta mánuði.

Í fjárfestakynningunni, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að síðustu stóru viðskipti með eignarhlut í Kerecis hafi verið í maí í fyrra þegar um 250 þúsund hlutir gengu kaupum og sölum á gengi sem talið er að hafi verið 13 og 16 dalir á hlut. Námu viðskiptin því á bilinu 390 til 480 milljónum króna sé tekið mið af núverandi gengi krónunnar.

Kerecis, sem þróar, framleiðir og markaðssetur vörur til meðhöndlunar á sköðuðum líkamsvef og húð, hyggst afla sér allt að 7,5 milljónum dala, jafnvirði um 900 milljóna króna, með útgáfu nýs hlutafjár síðar í þessum mánuði.

Ætlunin er sú, eins og rakið er í fjárfestakynningunni, að nýir hluthafar leggi lækningavörufyrirtækinu til að minnsta kosti 2,5 milljónir dala og mögulega allt að 5 milljónir dala en að afgangurinn af hlutafjáraukningunni komi frá núverandi hluthöfum. Ekki liggur fyrir á hvaða gengi nýtt hlutafé verður selt.

Er hlutafjáraukningunni meðal annars ætlað að hraða markaðssetningu á vörum félagsins og stuðla að frekari vexti þess.

Tekjur Kerecis námu 4,6 milljónum dala, sem jafngildir um 552 milljónum króna, í fyrra borið saman við 1,7 milljónir dala árið 2017. Er gert ráð fyrir að tekjurnar meira en áttfaldist og verði komnar í 39 milljónir dala, jafnvirði 4,7 milljarða króna, á næsta ári, eftir því sem fram kemur í fjárfestakynningunni. **– kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5000**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is







**Skúli Mogensen, forstjóri og stofnandi WOW air. Félagið fékk í síðustu viku frest til loka mánaðarins til að ná samkomulagi við Indigo Partners um fjárfestingu bandaríska fjárfestingafélagsins í WOW air.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gætu þurft að taka á sig tugprósenta afföll

**Fulltrúar Indigo Partners krefjast þess að skuldabréfaeigendur WOW air taki á sig tugprósenta afskriftir og að endanlegur hlutur Skúla Mogensen verði minni en áður hefur verið rætt um. Skilyrðin ollu Skúla miklum vonbrigðum.**

Skuldabréfaeigendur WOW air, sem fjárfestu fyrir samtals 60 milljónir evra, jafnvirði 8,2 milljarða króna, í skuldabréfaútboði flugfélagsins síðasta haust, gætu þurft að samþykkja tugprósenta afskriftir af höfuðstól bréfanna til þess að kaup Indigo Partners í félaginu nái fram að ganga, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Því til viðbótar hefur bandaríska fjárfestingafélagið krafist þess að endanlegur eignarhlutur Skúla Mogensen, forstjóra og stofnanda WOW air, í félaginu verði mun minni í kjölfar viðskiptanna en áður hefur verið rætt um og í raun hverfandi.

Umrædd skilyrði – annars vegar um niðurskrift á kröfum skuldabréfaeigendanna og hins vegar um eignarhlut Skúla – voru lögð fram af hálfu fulltrúa Indigo Partners á fundi þeirra með Skúla í hádeginu síðasta fimmtudag, sama dag og frestur sem skuldabréfaeigendur WOW air veittu félaginu til þess að ná samkomulagi við bandaríska félagið rann út. Sá frestur var framlengdur til loka marsmánaðar.

Kröfur Indigo Partners komu Skúla verulega á óvart, að sögn þeirra sem þekkja vel til mála, og ollu honum miklum vonbrigðum. Hann hefði enda staðið í þeirri trú að aðilar væru langt komnir með að ganga frá viðskiptunum en eins og Markaðurinn hefur upplýst um gengu forsvarsmenn WOW air í vikunni áður frá heildstæðu samkomulagi við leigusala flugfélagsins og ruddu þannig úr vegi stórri hindrun fyrir fjárfestingu bandaríska félagsins. Átti þannig aðeins eftir að leggja lokahönd á viðskiptin.

Í kjölfar hádegisfundarins leitaði Skúli, líkt og fram hefur komið, til forsvarsmanna Icelandair í því skyni að kanna flöt á aðkomu síðarnefnda félagsins að WOW air. Ákvað stjórn Icelandair síðdegis sama dag að ganga ekki til viðræðna við lággjaldaflugfélagið að þessu sinni.

**4**

**milljarðar króna var tap WOW air á fyrstu níu mánuðum síðasta árs.**

### Ekki borist formlegt erindi

Nokkrir skuldabréfaeigendur WOW air, sem eru að stærstum hluta innlendir fjárfestar, hafa átt í óformlegu samtali við forsvarsmenn flugfélagsins undanfarna daga, eftir því sem Markaðurinn kemst næst. Eru þeir sagðir búast við því að þurfa að taka á sig tugprósenta afskriftir til þess að kaup Indigo Partners í félaginu gangi eftir en sem kunnugt er hafa þeir þegar samþykkt að falla frá kauprétttum að hlutafé í WOW air og lengja í skuldabréfum sínum.

Sjóður í stýringu GAMMA Capital Management, GAMMA: Credit Fund, sem keypti fyrir 1,8 milljónir evra í skuldabréfaútboðinu, færði til að mynda skuldabréf sín niður að hluta síðasta föstudag. Auk sjóða í stýringu GAMMA eru skuldabréfaeigendur WOW air meðal annars Skúli sjálfur, en hann fjárfesti fyrir 5,5 milljónir evra, jafnvirði um 750 milljóna króna, í útboðinu, og sjóðir á vegum bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Eaton Vance, sem keyptu fyrir samtals 10 milljónir evra.

Enn hefur eigendum skuldabréfanna ekki borist formlegt erindi frá forsvarsmönnum WOW air, eins og boðað var í stuttri tilkynningu frá félaginu síðasta fimmtudag. Búist var mögulega við því að þeir fengju bréf frá flugfélaginu í gær en það hafði ekki borist þegar blaðið fór í prentun.

Viðmælendur Markaðarins furða sig á því að enn hafi ekki verið haft samband við skuldabréfaeigendurna, nú tæpri viku eftir að fresturinn sem þeir veittu WOW air til þess að ná samkomulagi við Indigo Partners rann út. Nefna sumir að biðin veki áleitnar spurningar um hvort Skúli sé hugsanlega að leita annarra leiða – útbúa eins konar plan b – til þess að koma félaginu fyrir vind.

### Staða Skúla þröng

Ljóst er að Skúli er í afar þröngri stöðu í viðræðunum við Indigo Partners. Kröfur bandaríska félagsins, sem er að mestu í eigu kaupsýslumannsins slynga Bill Franke, fela það enda í sér að raunveruleg eignarhlutdeild hans í félaginu verður hverfandi. Þá gera ný skilyrði Indigo Partners jafnframt ráð fyrir því, eins og áður var nefnt, að Skúli afskrifi hluta af 750 milljóna króna skuldabréfaeign sinni í flugfélaginu.

Auk þess sem skuldabréfaeigendur WOW eru sagðir munu þurfa að taka á sig niðurskriftir þykir einnig líklegt, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála, að aðrir lánardrottnar og kröfuhafar flugfélagsins muni, að kröfu Indigo Partners, þurfa að gefa eitthvað eftir af kröfum sínum á hendur félaginu.

Fulltrúar bandaríska fjárfestingafélagsins eru sagðir gera sér vel grein fyrir því hve sterk samningsstaða þeirra sé gagnvart veikri stöðu Skúla og lánardrottna WOW air. Viðmælendur Markaðarins benda til að mynda á að þeir síðarnefndu eigi fáa aðra valkosti en að fallast á skilyrði Indigo Partners enda muni þeir að óbreyttu tapa kröfum sínum að stórum hluta ef viðræður WOW air og bandaríska félagsins ganga ekki eftir og greiðsluþrot blasir við flugfélaginu.

Forsvarsmenn Indigo Partners hafa gefið það út að félagið sé reiðubúið til þess að fjárfesta fyrir allt að 75 milljónir dala, sem jafngildir liðlega 9 milljörðum króna, í WOW air. Hafa þeir tekið fram að endanleg fjárhæð fjárfestingarinnar, sem verður aðallega í formi láns til tíu ára með breytirétti í hlutafé, muni ráðast af því hver fjárþörf flugfélagsins verður á meðan rekstri þess verður snúið við.

**hordur@frettabladid.is, kristinningi@frettabladid.is**



# Lyngás 17 í Garðabæ til leigu eða sölu

1.500 m² skrifstofu-, verslunar- og lagerhúsnæði. Á jarðhæð eru verslunar- og lagerrými en á annarri hæð er skrifstofa með fallegu útsýni. Næg bílastæði á lóðinni.

Húsið er til sölu eða leigu. Reitir bjóða upp á endurnýjun og aðlögun hússins að þörfum nýs langtímaleigutaka.

Myndir, teikningar og upplýsingar má nálgast á reitir.is. Halldór Jensson sölustjóri veitir nánari upplýsingar, 840 2100, halldor@reitir.is.

REITIR

*Velkomin til starfa*

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

# Tvöfaldaði fjárfestinguna á Íslandi

**Norski olíusjóðurinn keypti skuldabréf Landsvirkjunar fyrir um 6,7 milljarða króna á síðasta ári. Heildarfjárfesting sjóðsins á Íslandi nam 13,7 milljörðum í lok síðasta árs borið saman við 7 milljarða í lok 2017. Sjóðurinn kaus gegn meirihluta hluthafa Arion.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Fjárfestingar norska olíusjóðsins, sem er stærsti fjárfestingarsjóður í ríkiseigu í heiminum, í íslenskum ríkisskuldabréfum og skulda- og hlutabréfum íslenskra félaga námu samanlagt liðlega 13,7 milljörðum króna í lok síðasta árs. Þetta má lesa út úr yfirliti yfir allar fjárfestingar olíusjóðsins sem birt var samhliða útgáfu ársskýrslu sjóðsins í síðustu viku.

Heildarfjárfesting olíusjóðsins hér á landi tæplega tvöfaldaðist á síðasta ári en hún nam rúmum 7,0 milljörðum króna í lok árs 2017.

Sjóðurinn, sem átti í lok síðasta árs eignir upp á samanlagt 8.250 milljarða norskra króna, tæplega 115 þúsund milljarða íslenskra króna, keypti í fyrra skuldabréf í Landsvirkjun sem metin voru á 479 milljónir norskra króna, jafnvirði um 6,7 milljarða íslenskra króna, í bókum hans í lok ársins. Eru skuldabréfin næststærsta einstaka eign sjóðsins á Íslandi.

Auk umræddra skuldabréfa í Landsvirkjun heldur norski olíusjóðurinn á 0,13 prósenta hlut í Arion banka sem var metinn á 175 milljónir íslenskra króna í lok síðasta árs en eins og fram hefur komið í Markaðinum tók sjóðurinn þátt í hlutafjárútboði bankans síðasta sumar.

Olíusjóðurinn á jafnframt íslensk ríkisskuldabréf að virði um 6,9 milljarða króna sem og kröfur upp á ríflega 7 milljónir króna á hendur Kaupþingi, eignarhaldsfélagi sem var stofnað á grunni slitabús Kaupþings banka eftir nauðasamninga, en sjóðurinn hefur á undanförnum árum fengið kröfur sínar gagnvart Kaupþingi og LBI, sem heldur utan um eignir gamla Landsbankans, greiddar að nær öllu leyti.

Þannig námu samanlagðar kröfur sjóðsins á hendur Kaupþingi, LBI og Glitni HoldCo 139 milljónum norskra króna, jafnvirði 1,9 milljarða íslenskra króna, í lok árs 2015. Olíusjóðurinn átti fyrir efnahagshrunið haustið 2008 skuldabréf upp á samanlagt meira en þrjá milljarða norskra króna í íslensku viðskiptabönkunum þremur, Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum. Á þeim tíma, í lok árs 2007, var heildarfjárfesting sjóðsins hér á landi tæpir 4,0 milljarðar norskra króna.

### Eiga nær sjö milljarða króna í íslenskum ríkisskuldabréfum

Eign sjóðsins í íslenskum ríkisskuldabréfum, sem nam 497 milljónum norskra króna eða 6,9 milljörðum íslenskra króna í lok síðasta árs, hefur lítið breyst á undanförnum fimm árum. Sjóðurinn átti íslensk ríkisskuldabréf fyrir hátt í tíu milljarða íslenskra króna í lok síðasta áratugar en seldi öll bréfin árið 2010 og keypti aftur, þá fyrir um sjö milljarða króna, árið 2014, samkvæmt yfirliti yfir fjárfestingar sjóðsins sem birt er á vef hans.

Vöxtur olíusjóðsins, sem er til húsa á sama stað og Seðlabanki Noregs í miðborg Ósló, hefur verið ævintýralegur frá stofnun hans árið 1990 og áætlar Financial Times að hlutabréfaeign sjóðsins samsvari því að hann eigi að meðaltali um 2,4 prósenta hlut í hverju einasta skráða fyrirtæki í Evrópu.

Fjárfesting sjóðsins í hlutabréfum Arion banka síðasta sumar er fyrsta fjárfesting hans í íslenskum hlutabréfum. Sjóðurinn hélt á 0,13 prósenta hlut í bankanum í lok árs 2018 og er markaðsvirði hlutarins tæplega 200 milljónir króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa bankans.

### Vildu ekki Benedikt í stjórn

Fram kemur á vef olíusjóðsins að sjóðurinn hafi á hluthafafundi Arion banka þann 5. september í fyrra greitt atkvæði gegn því að Benedikt Gíslason, ráðgjafi hjá Kaupþingi, móðurfélagi Kaupskila sem er stærsti hluthafi bankans með tæplega þriðjungshlut, yrði kjörinn í stjórn bankans en Benedikt, sem var einn í framboði, hlaut stuðning mikils meirihluta hluthafa.

Þá kaus sjóðurinn auk þess gegn því að þeir Christopher Guth, sjóðsstjóri bandaríska vogunarsjóðsins Attestor Capial, sem á ríflega sjö prósenta hlut í Arion banka, og Keith Magliana, sjóðsstjóri vogunarsjóðsins Taconic Capital, sem fer með um tíu prósenta hlut í bankanum, yrðu kjörnir í tilnefningarnefnd bankans en líkt og í tilfelli Benedikts var meirihluti hluthafa á öðru máli og kaus þá í nefndina.



Norski olíusjóðurinn jók verulega fjárfestingar sínar hér á landi í fyrra, meðal annars með milljarðakaupum á skuldabréfum Landsvirkjunar og þátttöku í hlutafjárútboði Arion banka í júnímánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

**13,7**

**milljarðar króna var heildarfjárfesting norska olíusjóðsins hér á landi í lok síðasta árs.**

### Ávöxtun norska olíusjóðsins í fyrra sú lakasta í áratug

Ávöxtun norska olíusjóðsins í fyrra var sú lakasta frá því í alþjóðlegu fjármálakreppunni fyrir meira en tíu árum en sjóðurinn skilaði neikvæðri ávöxtun upp á 6,1 prósent. Þar af var ávöxtun af hlutabréfaeign sjóðsins neikvæð um 9,5 prósent á árinu.

Til samanburðar skilaði sjóðurinn jákvæðri ávöxtun upp á 13,7 prósent árið 2017.

Stjórnendur sjóðsins hafa sætt nokkurri gagnrýni í norskum fjölmiðlum fyrir að hafa aukið hlutabréfaeign sjóðsins á undanförnum mánuðum – úr 60 prósentum af heildareignum í 70 prósent – þrátt fyrir mikinn óróleika á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum.

Spurður hvort sjóðurinn hafi keypt hlutabréf á röngum tíma svaraði framkvæmdastjórinn Yngve Slyngstad því til að sjóðsstjórar sjóðsins reyndu ekki að spá um þróun á mörkuðum. Þeir hvikuðu ekki frá fjárfestingastefnu sjóðsins.

„Við munum aðeins vita svarið við þessari spurningu eftir einhver ár,“ sagði Slyngstad.



### Fjárfesting norska olíusjóðsins á Íslandi*

| | |
|---|---|
| Hlutabréf í Arion banka | 175 |
| Kröfur á Kaupþing | 7 |
| Ríkisskuldabréf | 6.905 |
| Skuldabréf Landsvirkjunar | 6.655 |

*í milljónum króna

## Segja Arion banka verða að sýna meiri ráðdeild

Það er engin tilviljun að verð Arion banka sé um 60 prósent af verði norrænna banka. Bankinn þarf nauðsynlega að sýna að hann sé norrænn banki þar sem ráðdeild er í forgrunni. Þetta er mat greinenda ráðgjafarfyrirtækisins Capacent sem gáfu fyrr í vikunni út nýja verðmatsskýrslu um Arion banka.

Sérfræðingar Capacent hafa lækkað verðmat sitt á bankanum um 4,5 prósent frá því í nóvember í fyrra og meta nú gengi hlutabréfa hans á 85 krónur á hlut. Til samanburðar stóð gengið í 73,8 krónum á hlut eftir lokun markaða í gær.

Í verðmatinu, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að launakostnaður bankans megi ekki vera mikið hærri en þjónustutekjur ef bankinn eigi að vera samkeppnishæfur og geta boðið samkeppnishæf vaxtakjör. Mikill munur á milli launatekna og þjónustutekna Arion banka dragi úr arðsemi og verðmæti bankans.

Fram kemur í verðmatinu að laun og launatengd gjöld hafi aukist um 7,3 prósent á hvert stöðugildi í móðurfélagi Arion banka í fyrra á meðan þjónustutekjur á hvert stöðugildi hafi aðeins aukist um 2,5 prósent.

Voru laun og launatengd gjöld bankans 20 prósentum hærri en þjónustutekjur í fyrra en 15 prósentum hærri árið 2017, að sögn greinenda Capacent.

„Arion banki þarf að sýna meiri ráðdeild og sýna að bankinn sé norrænn banki þar sem ráðdeild er í forgrunni,“ segir í verðmatinu.

Þá er bent á að vaxtatekjur bankans hafi verið undir væntingum Capacent og þegar kafað sé ofan í uppgjör hans komi í ljós að afkoma fyrirtækjasviðs hafi lengi verið ófullnægjandi eða allt frá árinu 2014. Ljóst sé að áhætta hafi verið vanmetin og álag á fyrirtækjalán fulllágt. Greinendurnir benda einnig á að blikur séu á lofti í flugrekstri og samkvæmt framkvæmdastjórum bankans sé bókfærð útlánaáhætta hans vegna slíks rekstrar um fjórir milljarðar króna.

Að mati greinenda Capacent eru hins vegar merki um að grunnrekstur Arion banka hafi verið að styrkjast. Það vegi á móti minni vaxtamun. Raunar hafi grunnreksturinn verið mjög svipaður árið 2018 og árið 2017 þó svo að hagnaðartölur bankans beri það ekki með sér. – kij



Afkoma Arion banka var undir væntingum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Tekjur Bláa lónsins 15,5 milljarðar

Tekjur Bláa lónsins, eins stærsta ferðaþjónustufyrirtækis landsins, námu um 15,5 milljörðum króna frá 6. febrúar til 31. desember í fyrra, að því er fram kemur í nýbirtri ársskýrslu kanadíska orkufyrirtækisins Innergex Renewable Energy. Til samanburðar voru tekjurnar um 13,9 milljarðar króna allt árið 2017.

Innergex eignaðist sem kunnugt er 54 prósenta hlut í HS Orku, sem á 30 prósenta hlut í Bláa lóninu, þegar yfirtaka orkufyrirtækisins á Alterra Power gekk í gegn þann 6. febrúar í fyrra. Upplýst er í ársskýrslu kanadíska fyrirtækisins að Bláa lónið hafi hagnast um ríflega 2,6 milljarða króna á umræddu tímabili, frá 6. febrúar til 31. desember í fyrra, en heildarafkoma ferðaþjónustufyrirtækisins var á sama tíma jákvæð um tæplega 800 milljónir króna. Þess má geta að hagnaður Bláa lónsins var um 4,2 milljarðar króna árið 2017.

Aðlöguð EBITDA félagsins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – var jákvæð um tæpa 5 milljarða króna á umræddum 329 dögum en á síðustu þremur mánuðum ársins var hún jákvæð um 1,2 milljarða króna. Þá voru rekstrargjöld Bláa lónsins um 10,6 milljarðar króna á tímabilinu, að því er fram kemur í ársskýrslu Innergex.

**2,6**

**milljarðar króna var nettóhagnaður Bláa lónsins frá 6. febrúar til 31. desember í fyrra.**

Á fundi með fjárfestum í tilefni af ársuppgjöri Innergex í liðinni viku sögðust stjórnendur félagsins vera ánægðir með hve vel söluferlið á 54 prósenta hlut þess í HS Orku gengi. Áhugi fjárfesta væri greinilega „mjög mikill“.

Innergex bauð hlutinn til sölu síðasta haust, eins og greint var frá í Markaðinum, en gróflega áætlað gæti virði hlutarins verið í kringum þrjátíu milljarðar króna.

Forsvarsmenn kanadíska félagsins kváðust sáttir við þær viðræður sem nú væru í gangi og vonuðust til þess að geta sagt frekari fregnir af sölunni á næstunni, jafnvel á næstu vikum.

Heildarafkoma HS Orku var neikvæð um 3,1 milljarð króna frá 6. febrúar til 31. desember í fyrra, eins og fram kemur í ársskýrslu Innergex, en aðlöguð EBITDA íslenska orkufyrirtækisins var jákvæð á sama tímabili um 2,5 milljarða króna. – kij




brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is



Einar Snorri Magnússon forstjóri segir að það sé tækifæri fyrir Coca-Cola að smásalar hafi sameinast því nú eigi fyrirtækið í viðskiptum við stærri og öflugri fyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Íslenska krónan hefur reynt á þolrifin

**Það er áskorun fyrir 77 ára gamalt fyrirtæki sem ber nafnið Coca-Cola að glíma við hollari neysluvenjur, segir forstjórinn. Það gætu verið fjögur ár í að vatn verði selt í meira mæli en sykrað gos. Hagnaður jókst um átta prósent á milli ára en tekjur standa í stað.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Það er ekki langt í að kolsýrt vatn verði selt í meiri mæli en sykraðir gosdrykkir. Ef til vill á næstu fjórum árum. Sala á vatni hefur vaxið hratt á undanförnum árum eða um tugi prósenta á ári,“ segir Einar Snorri Magnússon, forstjóri Coca-Cola á Íslandi. „Það er mikið að gerast á vatnsmarkaðinum, þar er mikil vöruþróun og nýir keppinautar láta til sín taka.“

Kolsýrðir vatnsdrykkir voru með 27 prósenta markaðshlutdeild í matvöruverslunum á árinu 2018 mælt í lítrum en sykraðir gosdrykkir höfðu 43 prósenta markaðshlutdeild og sykurlausir gosdrykkir 30 prósenta hlutdeild. Fyrir þremur árum var hlutdeild sykraðra gosdrykkja um helmingur markaðar fyrir kolsýrða drykki.

Einar Snorri tók við starfi forstjóra í maí síðastliðnum af Carlos Cruz sem hafði gegnt starfinu í þrjú ár. Einar Snorri, sem er ekki með eigin skrifstofu heldur situr á meðal starfsmanna í opnu vinnurými, hafði þá starfað hjá fyrirtækinu í 13 ár með hléum, þar af síðustu þrjú ár sem framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs.

Coca-Cola European Partners (CCEP), sem er með starfsemi í 13 löndum í Vestur-Evrópu keypti starfsemina hérlendis árið 2016. Hún var þá í eigu Coca-Cola átöppunarfyrirtækisins á Spáni og í Portúgal en Spánverjar keyptu reksturinn árið 2011. Starfsemi þeirra sameinaðist skömmu síðar starfseminni í Portúgal.

„Við erum ef til vill 0,5 prósent af umfangi CCEP hvort sem litið er til veltu eða starfsmannafjölda. En móðurskipið veitir okkur nauðsynlega athygli. Við tilheyrum starfseminni í Norður-Evrópu. Minn yfirmaður hefur umsjón með Noregi, Svíþjóð, Belgíu, Hollandi og Lúxemborg,“ segir Einar Snorri.

Annar markaður sem hefur tekið stakkaskiptum á fáeinum árum er sala á bjór. „Þegar ég hóf störf hjá fyrirtækinu árið 2001 sem vörumerkjastjóri bjórs var einungis boðið upp á Thule á kút og lítilræði í viðbót í dós og gleri. Jólabjórinn kom svo eins og stórfrétt einu sinni á ári. Til samanburðar kynntum við til leiks tíu nýja bjóra í fyrra. Og það verður ekkert lát á því. Fólk sækist eftir einhverju nýju, framandi og skrítnu í bjór. Við tökum virkan þátt í því. Bjórmarkaðurinn er lifandi og skemmtilegur og ögrar bruggmeisturum og markaðsfólki.

Við getum ekki stólað á að Víking gylltur, sem er langmest seldi bjórinn í ríkinu með um 10-11 prósenta markaðshlutdeild, haldi okkur á floti um ókomna tíð. Þótt sá bjór skagi upp úr í markaðshlutdeild, þá er vöxturinn í litlu handverksbjórunum. Sá vöxtur er ekkert minni hjá okkur en öðrum. Tekjur af sölu handverksbjórs frá Víking jukust um 40 prósent á síðasta ári.“

### Áskorun fyrir rótgróið fyrirtæki

*Hvernig gengur að keppa á bjórmarkaðnum þegar það er urmull af litlum brugghúsum og allir að kynna nýja bjóra?*

„Það verður að viðurkennast að það er áskorun fyrir rótgróið fyrirtækið sem hefur yfir að ráða stórri framleiðslueiningu á íslenskan mælikvarða. Við verðum því að fínstilla hana til að geta tekið þátt spriklinu. Okkur hefur tekist það.“

*Skilaði bjórframleiðslan hagnaði í fyrra?*

„Já, það var ágætis aukning á hagnaði á milli áranna 2017 og 2018, þótt ég vilji ekki gefa upp hver hann var. Það var áskorun að halda sjó í fyrra – sumarið kom ekki og samhliða tók að hægja á fjölgun ferðamanna. Við héldum vel á spöðunum; veltan og magnið var svipað á milli ára, verðhækkunin var lítil sem engin en við breyttum töluverðu í rekstrinum og fækkuðum stjórnendum.“

*Hvernig þykir þér rekstrarumhverfið fyrir Coca-Cola á Íslandi vera um þessar mundir?*

„Það er alltaf eitt sem hangir yfir manni: Íslenska krónan. Það reynir verulega á þolrifin hvað hún getur sveiflast til og frá á skömmum tíma. Við störfum innan alþjóðlegs félags, sem starfar á 13 mörkuðum, og það getur reynst erlendu samstarfsfólki erfitt að skilja að gengið geti sveiflast um 20-30 prósent innan árs. Það er engu að síður reyndin og verð á aðföngum getur því snarbreyst á skömmum tíma. Við verðum því oft og tíðum að hækka verð meira en góðu hófi gegnir – svo það sé hreint út sagt – til að mæta hærra innkaupsverði. Þessu til viðbótar ríkir óvissa um hvernig kjarasamningar fara. Óvissan er erfið viðureignar.“

*Hvernig hefur ykkur gengið að glíma við launahækkanir og aðrar hækkanir á undanförnum misserum?*

„Okkur hefur gengið ágætlega. Afkoman batnaði á milli ára þrátt fyrir að vera með sama magn og veltu og árið áður. Við höfum straumlínulagað framleiðslulínuna með því að flytja inn vörur sem seljast í minna í magni og framleiða sjálf vinsælli vörur. Við vorum áður með framleiðslulínur sem voru í vinnslu í einn og hálfan til tvo daga í viku. Það er býsna óhagkvæmt fyrirkomulag. Við höfum auk þess nýtt kosti þess að vera hluti af stóru alþjóðlegu fyrirtæki og fækkað í stjórnendahópnum. Þegar ég tók við sem forstjóri var ekki ráðið í mitt gamla starf heldur þess í stað sækjum við stuðning og reynslu í móðurskipið.“

**» Tekjur af sölu handverksbjóra frá Víking jukust um 40 prósent á síðasta ári.**

## Umhverfismál tekið við keflinu af sykurumræðu

„Umhverfismálin hafa tekið við keflinu af umræðunni um sykur í gosdrykkjum sem skiptir neytendur og samfélagið mestu máli,“ segir Einar Snorri. „Við höfum bætt okkur verulega þar og getum gert enn betur. Við erum að vinna eftir aðgerðaáætlun um að draga úr plasti sem við notum í rekstrinum til viðbótar við það markmið okkar að ná öllum umbúðum sem við seljum í Endurvinnsluna.“

Coca-Cola er hluthafi í Endurvinnslunni og 85-90 prósent umbúða skila sér þangað. Hlutfallið hefur verið með þeim hætti um árabil. „Við viljum ná hlutfallinu hærra, ná öllu inn!“ segir hann.

Um þessar mundir eru 25 prósent af plastinu sem nýtt er í minni flöskur endurunnið hjá CCEP. Markmið fyrirtækisins er að auka hlutfallið í 50 prósent, og þegar tækninni fleygir fram vonandi upp í 100% svo að um hringrás sé að ræða varðandi umbúðirnar. Að hans sögn þekkist hjá einhverjum systurfyrirtækjum Coca-Cola á Íslandi að hlutfallið af endurunnu plasti í umbúðum sé helmingur.

Einar Snorri segir að það sé dýrara að nota endurunnið plast. Ekki mikið dýrara en það telji. Framlegðin á vörur fyrirtækisins sé ekki há heldur sé reynt að hagnast á að selja mikið magn. „Það munar því um hverja krónu sem kostnaður eykst í framleiðslunni.“

Nú sé til að mynda pakki af dósum settur í pappa en ekki plast eins og áður fyrr og leitað sé leiða til að draga úr öðru plasti sem nýtt er í rekstrinum, eins og því sem er vafið um vörur sem staflað er á bretti. Við höfum einnig unnið að því að breyta flöskunum og töppunum til að þynna plastið í umbúðum og náð að minnka plastnotkun um allt að 15 prósent, allt eftir tegund og stærð umbúða.“

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 6. MARS 2019



Greta Salóme er heimakær og nýtur þess að vera heima með kærasta sínum þegar færi gefst frá tíðum tónleikaferðum vestur um haf. Í gluggakistunni í baksýn stendur undurfagur strútslampi sem hagleiksmaðurinn og faðir Gretu Salóme skóp úr strútseggi og er í miklu uppáhaldi á heimilinu. MYND/STEFÁN

# Róla fyrir góðan trúnó

Strútslampi og róla eru dýrgripir Gretu Salóme heima við. Hún kveikir á kertum í glaða sólskini og segist lánsöm með kærasta sem stendur traustur við bak hennar en þarf stundum að róa niður í húsverkum. →2




Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég fríkaði út þegar ég sá hvað leyndist í jólapakkanum frá pabba og mömmu. Mig hafði svo lengi dreymt um að eignast rólu eins og er við sumarbústað foreldra minna á Laugarvatni og þarna var hún komin, handsmíðuð af pabba og alveg ekta róla fyrir góðan trúnó,“ segir Greta Salóme kát um sinn uppáhaldshúsmun heima. Rólan hangir fyrir ofan sólpallinn.

„Eftir að snjóinn tók upp og daginn tók að lengja veit ég fátt betra en að laumast út í róluna með hlýtt teppi og heitan drykk til að njóta slökunar,“ segir Greta Salóme og vaggar í notalegum takti rólunnar í fögrum Mosfellsbæ.

## Strútslampi pabba í dálæti

„Ég er Mosfellingur í húð og hár og vil hvergi annars staðar búa,“ segir Greta Salóme sem keypti íbúð í Mosfellsbæ fyrir þremur árum.

„Staðsetning bæjarins er rómantísk, nátengd náttúrunni og mér finnst æðislegt að geta stigið rétt út fyrir túnfótinn og vera komin út í sveit. Töfrar Mosfellsbæjar felast þó fyrst og fremst í því að stórfjölskyldan býr í húsunum í kring. Það er ómetanlegt, sérstaklega þegar ég er lungann úr árinu í burtu, að koma heim og hafa fólkið mitt svona nærri. Við nánast skokkum út á náttfötunum hvert til annars,“ segir Greta Salóme og hlær.

Heimili Gretu Salóme og Elvars Þórs Karlssonar, sérfræðings í fyrirtækjaráðgjöf hjá Íslandsbanka, er glæsilegt. Stíllinn ber vott um bjarta, skandinavíska naumhyggju og Greta Salóme velur hvern hlut til heimilisins af gaumgæfni.

„Uppáhaldsstofustássið er strútslampi sem pabbi bjó til og gaf mér líka í jólagjöf. Pabbi er smiður og starfar sem byggingastjóri en er einn listrænasti einstaklingur sem ég hef kynnst um dagana. Hann er einstaklega fær handverksmaður, eins og lampinn ber glöggt merki um. Hann skóf innan úr strútsegginu, gerði göt á skurnina og útkoman er ómótstæðileg,“ segir Greta Salóme um gullfallegan lampann sem gefur frá sér draumkennt skin þegar skyggir.

## Ást, einlægni og vellíðan

Greta Salóme féll kylliflöt fyrir heimili sínu þegar hún gekk fyrst inn í stórt og opið eldhúsið.

„Eldhúsið er hjarta heimilisins. Ég hef mikið yndi af eldamennsku og nýt þess að matreiða hollan og bragðgóðan mat. Við Elvar höfum verið mikið saman í Taílandi og ef ég ætti að vippa fram gómsætum rétti sem líka er hollur væri það kjúklingur í rauðu, taílensku karrí. Það er rétturinn okkar Elvars,“ upplýsir Greta Salóme sem er mikil húsmóðir í sér.

„Ég hef gaman af húsverkunum og finnst óreiða óþægileg. Ég vinn mikið heima við að semja, taka upp og æfa og finnst þá vont að hafa allt í drasli. Heimilið ber því vott um að allir hlutir eigi sinn stað og hér er oftast hreint og tiltekið,“ segir Greta Salóme en Elvar slær henni þó við í þessum efnum.

„Hann slakar aldrei á, er sífellt að þrífa, gera og græja, og þegar ég er í útlöndum heldur hann heimilinu í toppstandi. Ég þarf aldrei að reka á eftir honum í verkin, það er frekar að ég þurfi að róa hann niður!“ segir Greta Salóme og skellir upp úr, stálheppin með mannsefni.

„Við Elvar eigum sameiginlegt að gera heimilið fallegt og vera heimakær. Það eru ekki svo margar stundir sem við eigum saman heima en þegar við eigum tímann fyrir okkur finnst okkur dásamlegt að vera bara heima,“ segir Greta Salóme.

Það var einlægni Elvars sem hitti hana í hjartastað.

„Elvar er svo hreinn og beinn, og það eru kostir sem maður tekur ekki sem sjálfsögðum hlut. Eftir að ég fór að túra svona mikið um heiminn er einstök tilfinning og tær vellíðan að vera með manni sem styður mann og hvetur til dáða. Mér þykir það ótrúlega óeigingjarnt af honum og finnst ég heldur betur vera heppin.“

## Flytur fegurstu lög í heimi

Í kvöld verður Greta Salóme með kertaljósatónleika í Lindakirkju ásamt Óskari Einarssyni.

„Ég hef það frá ömmu að vera kertasjúklingur. Ég tendra líka á kertum yfir bjartasta sumartímann, er alltaf með augun opin fyrir fallegum kertastjökum en í dálæti eru Flexor-stjakarnir úr Snúrunni,“ upplýsir Greta Salóme sem leikur á fiðlu sína og syngur við píanóundirleik Óskars í kvöld.

„Það er ólýsanleg stemning að sitja í kertaljósum og njóta tónlistar. Fólk getur þá aðeins náð andanum, látið hugann reika, hlaðið batteríin og farið endurnært heim eftir að hafa hlustað á fegurstu lög í heimi,“ segir Greta Salóme en fallegasta lagið á efnisskrá kvöldsins þykir henni vera Tvær stjörnur eftir Megas.

„Ég hlakka mikið til því mér finnst allra skemmtilegast að spila heima,“ segir Greta Salóme sem á mánudagskvöld flaug heim frá Bandaríkjunum þar sem hún spilaði og söng fyrir 4.000 manns um borð í einu af nýjustu og stærstu skemmtiferðaskipum heims, Celebrity X.

„Það er mikil eftirspurn eftir mér í Bandaríkjunum og eftir því sem ég spila meira vindur það meira upp á sig. Ég er með frábæra umboðsmenn sem bóka mig á góða viðburði og er mikið í burtu en í fyrra var ég meira en hálft árið vestra og fékk bráðaofnæmi fyrir flugvélum og hótelum. Því langar mig að ná jafnvægi og vera meira heima, því heima er best,“ segir Greta Salóme og hefur svar á reiðum höndum þegar hún er innt eftir því hvort hún sé orðin rík af stífu tónleikahaldinu.

„Þetta er vel launuð vinna en það fer eftir því hvernig maður skilgreinir ríkidæmi. Það eru fórnir sem fylgja öllu og maður er ríkastur þegar maður er með fólkið sitt í kringum sig.“

## Lag Hatara ógeðslega töff

Greta Salóme hefur í tvígang stigið á svið sem fulltrúi Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, árin 2012 og 2016.

„Eurovision var stór stökkpallur, ekki síst í seinna skiptið þegar við nýttum okkur samfélagsmiðla í þaula. Ég fékk samning við Disney í kjölfarið og hann opnaði mér líka margar dyr. Allt er þetta tengt og ef maður vinnur hvert verkefni eins vel og maður getur er nánast útilokað að ekki komi annað stórt tækifæri á eftir,“ segir Greta Salóme sem lifir ævintýralegu lífi í leikhúsum og mörgum af glæstustu skemmtiferðaskipum heims.

„Það er ákaflega gaman en lífið hér heima kallar á mig líka. Ég hlakka mikið til að fylgjast með Eurovision í ár og er þrusu bjartsýn fyrir hönd Hatara. Mér finnst lagið ógeðslega töff.“

Miðar á kertaljósatónleika Gretu Salóme í kvöld fást á tix.is og við innganginn í Lindakirkju.



Margir munir úr listrænum höndum föður Gretu Salóme prýða heimili hennar, þar á meðal útirólan sem hún situr í á myndinni og hann smíðaði handa henni í jólagjöf. MYNDIR/STEFÁN



Stórt, opið eldhús hreif Gretu Salóme þegar hún keypti sér íbúð í Mosfellsbæ. Hún segist vera mikil húsmóðir í sér og hafa yndi af eldamennsku og húsverkum.


## SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA




Arctic Star

**Arctic star sæbjúgnahylki**
innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlins

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

**Arctic Star sæbjúgnahylki**
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618


**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.

**Uppýsingar í síma 868-2055**

Pipulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Garðyrkja

Felli tré og grysja og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

**RÁÐGJÖF.**
Vantar þig fyrirtækja aðstoð s.s. Fjármál, sölumál, markaðsmál, starfsmannamál eða almenna fyrirtækjaráðgjöf. Margra ára reynsla í fyrirtækjarekstri.
**Hafðu samb. í 8211000**
**Guðlaugur eða**
**laugim66@gmail.com**

**Kynntu þér málið.**

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI**
- **Smíðavinna**
- **Múrvinna**
- **Málningarvinna**

**☎ 788 8870**
**eind@eind.is**
Eind ehf

Tek að mér ýmisskonar húsaviðhald. Uppl. sími 8478704 eða manninn@hotmail.com

### Til sölu



**Sumarbústaður við Gíslholtsvatn til sölu**

Eignarland við vatn (hektari).

Fallegt skógi vaxið land, veiðiréttur í vatninu. Bústaður og gestahús.

Nánari upplýsingar í síma 893-5517

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU



TILBOÐ

**VW Passat SW 4motion**
Nýskráður 5/2012, ekinn 105 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Ásett kr. 2.590.000
Tilboð kr. 1.990.000
kr. 33.577 á mán í 60 mán*



TILBOÐ

**Kia Ceed LX 1.6**
Nýskráður 7/2011, ekinn 130 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Ásett kr. 1.190.000
Tilboð kr. 890.000
Allt að 100% fjármögnun í boði



TILBOÐ

**Honda Civic Sport Plus**
Nýskráður 9/2018, nýtt ökutæki, bensín, beinskiptur.
Ásett kr. 3.990.000
Tilboð kr. 3.590.000
kr. 46.651 á mán. í 84 mán.



TILBOÐ

**Honda Civic Comfort**
Nýskráður 6/2017, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur, glæný heilsársdekk.
Ásett kr. 2.790.000
Tilboð kr. 2.430.00
kr. 31.629 á mán. í 84 mán.



TILBOÐ

**Honda HR-V Elegance**
Nýskráður 9/2018, nýtt ökutæki, bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 3.970.000
Tilboð kr. 3.550.00
kr. 46.133 á mán. í 84 mán.

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Tilkynningar

Hollvinasamtök Reykjalundar

# AÐALFUNDUR

Hollvinasamtaka Reykjalundar verður haldinn í hátíðarsal Reykjalundar laugardaginn 9. mars n.k. kl. 13:30.

**DAGSKRÁ**

1. **Venjuleg aðalfundarstörf.**
2. **Erindi:** Þróun meðferðarstarfs á Reykjalundi.
Magnús Ólason, framkvæmdastjóri lækninga.

Á fundinum verður Reykjalundi afhent hjartaómtæki af fullkomnustu gerð.

Hollvinir hvattir til að mæta og nýjir félagar velkomnir.

*Stjórnin*

FISKISTOFA

## Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2018/2019
### sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 685, 5. júlí 2018

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

**Fjarðabyggð** (Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík)

**Vesturbyggð** ( Patreksfjörður, Brjánslækur og Bíldudalur)

**Sveitarfélagið Ölfus** (Þorlákshöfn)

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í ofanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 218/2019 í Stjórnartíðindum

**ATH. Umsóknum skal skila í gegnum rafræna umsóknargátt en vinnslusamningum er skilað í tölvupósti á byggdakvoti@fiskistofa.is á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar. Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2019**

Fiskistofa, 5. mars 2019

HUMBAUR

## Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.

**Topplausnir**
www.Topplausnir.is - S: 5177718

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heilsa

## Nudd

THAI Nuddstofan

Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h Boðið er upp á thailenskt teygju og olíunudd auk annarra nuddtegunda Pantanir í síma 8923899.

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

Óska eftir litilli íbúð á leigu í rvk (ekki 101), skilvísri og góðri umgengni heitið. Uppl. s: 847-0919

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**LEIKSKÓLALEIÐBEINANDI.**
Krílasel ungbarnaleikskóli sem er einkarekinn óskar eftir að ráða vanan leikskólaleiðbeinanda í 100% starf sem getur hafið störf sem fyrst.
**Umsóknir sendist á krilasel@simnet.is**

# HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Fylgstu með á frettabladid.is/sport




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

## Dalabyggð - SKIPULAGSFULLTRÚI

Dalabyggð óskar eftir að ráða skipulagsfulltrúa til starfa. Auk Dalabyggðar sinnir skipulagsfulltrúi verkefnum vegna skipulagsmála fyrir Árneshrepp, Kaldrananeshrepp,
Reykhólahrepp og Strandabyggð.

Nánari upplýsingar veitir:
Geirlaug Jóhannsdóttir,
**geirlaug@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2019.

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

## Árborg - SVIÐSSTJÓRI MANNVIRKJA- OG UMHVERFISSVIÐS

Sveitarfélagið Árborg leitar að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúinn að gegna lykilhlutverki í að leiða framfarir í mannvirkja- og umhverfismálum hjá sveitarfélaginu. Sviðsstjóri Mannvirkja- og umhverfissviðs er hluti af öflugu stjórnunarteymi á tímum mikils vaxtar og breytinga.

Nánari upplýsingar veitir:
Geirlaug Jóhannsdóttir,
**geirlaug@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2019.

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

## Eining-Iðja - Lögfræðingur

capacent

Eining-Iðja leitar að öflugum lögfræðingi til starfa hjá félaginu. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf. Starfið er á Akureyri.

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/13012**

## Skipulagsstofnun - Sviðsstjóri

capacent

Skipulagsstofnun óskar eftir að ráða í spennandi starf sviðsstjóra á sviði stefnumótunar og þróunar. Meðal helstu verkefna þess eru vinna að landsskipulagsstefnu og strandsvæðisskipulagi.

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/13013**

## FlyOver Iceland - Rekstrarstjóri

capacent

FlyOver Iceland leitar að öflugum rekstrarstjóra til þess að hafa umsjón með verslunar- og veitingarekstri fyrirtækisins

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/13024**

Þú finnur draumastarfið á Job.is

# Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426



Framleiðslan hefur verið straumlínulögð með því að flytja inn vörur sem seldust í minna mæli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Afkoman batnaði á milli ára**

*Hver var hagnaður Coca-Cola á Íslandi í fyrra?*

„Ég get ekki upplýst um það að svo stöddu en hagnaður í ársreikningi mun hækka um u.þ.b. átta prósent milli ára. Ef leiðrétt er fyrir einskiptiskostnaði vegna breytinga á rekstrarformi þá er hækkunin 15 prósent,“ segir Einar Snorri.

Blaðamaður nefnir að arðsemi eigin fjár Coca-Cola á Íslandi hafi einungis verið 2,3 prósent á árinu 2017. „Það er ekki sanngjarnt að einblína á arðsemi eigin fjár í okkar tilviki því fyrirtækið er rausnarlega fjármagnað þegar kemur að eigin fé,“ segir hann.

Eiginfjárhlutfallið var 75 prósent árið 2017 og skuldir við lánastofnanir voru einungis um 80 milljónir króna. Eigið fé var til samanburðar 5,7 milljarðar króna.

„Við greiddum upp allar okkar skuldir við fjármálastofnanir í fyrra. Móðurfélagið getur fjármagnað sig með hagkvæmari hætti en við. Hagnaðarhlutföllin mættu vera betri og við erum að vinna að því að bæta þau. Miðað við aðstæður var afkoman á undanförnum tveimur árum ásættanleg og við stefnum á að bæta hana enn frekar.

Þegar horft er til systurfyrirtækjanna má sjá að við getum gert betur. Því fylgir hins vegar óhjákvæmilega óhagræði í rekstri því við erum mun minni í sniðum. Við þurfum að skipta um framleiðslulotur tvisvar til þrisvar á dag sem þarf ekki að gera á öðrum mörkuðum.“

Tekjur Coca-Cola á Íslandi námu 11,5 milljörðum króna árið 2017 og hagnaðurinn var 102 milljónir króna. Árið áður var hann 180 milljónir króna, samkvæmt ársreikningum. Reikningur fyrir árið í fyrra hefur ekki birst opinberlega enn, eins og er raunin með flest fyrirtæki landsins.

*Hve mikið hefur fyrirtækið hækkað verð á undanförnu til að mæta auknum kostnaði? Voru hækkanir nægar til að mæta vaxandi kostnaði?*

„Við reynum alltaf að halda aftur af okkur þegar kemur að því að hækka vöruverð. Við höfðum þurft að hækka verð meira en raun ber vitni en árið í fyrra slapp til. Við hækkuðum framleiðsluvörurnar hinn 1. júlí um 3,3 prósent í kjölfar launahækkana og innfluttar vörur um 1,5 prósent. Það stóð ekki til að hækka verð meira í fyrra en gengi krónunnar fór af stað um haustið. Það voru ekki aðrir kostir fyrir hendi en að hækka verð. Þá hækkuðum við innlenda framleiðslu um 3,5 prósent og innfluttar vörur um sex prósent. Við flytjum inn nánast allt hráefni til framleiðslunnar fyrir utan vatn, eins og bragðefni, plast og áldósir.“

*Hafið þið þurft að grípa til uppsagna eins og Ölgerðin hefur gert?*

„Nei. Við höfum hagrætt verulega í rekstrinum til að mæta auknum kostnaði. Á undanförnum árum höfum við úthýst verkefnum eins og áfyllingu, dreifingu og tækniþjónustu. Í tilviki tækniþjónustu og áfyllingar fluttust starfsmenn frá okkur til fyrirtækjanna sem annast nú þau verkefni.“

*Er launakostnaður stór hluti af kostnaði fyrirtækisins? Ég velti því fyrir mér í ljósi kjaraviðræðna hversu mikil áhrif launahækkanir gætu haft á verðlag hjá ykkur.*

„Launakostnaður okkar er verulegur enda með 165 starfsmenn. Hvert prósent í hækkun umfram það sem við getum borið er erfitt. Því miður eru takmörk fyrir því hversu mikið við getum hagrætt á móti hærri launum án þess að hækka verð. Okkur hefur þó auðnast á undanförnum þremur árum að halda verðhækkunum í skefjum með því að hagræða í rekstri. Verðhækkanir eru að einhverju leyti vegna launahækkana en í meiri mæli vegna gengisþróunar krónu og hækkana frá birgjum, sem í þeirra tilviki tengjast oftast nær hærri launakostnaði.“

*Eru frekari hagræðingartækifæri fyrir hendi?*

„Það eru alltaf tækifæri. Fyrir skemmstu hættum við að framleiða Trópí og höfum að flytja inn Minute Maid sem er eitt sterkasta safavörumerki í heiminum. Þetta ákváðum við að gera þrátt fyrir að hafa fyrir nokkrum árum fjárfest í tækjabúnaði til framleiðslu á Tetra Pak vörum. Eins og árferðið er núna þurfum við að hafa hugrekki til að taka nýja stefnu ef við sjáum að hún sé sú rétta fyrir bæði fyrirtækið og neytendur.“

> **Við greiddum upp allar okkar skuldir við fjármálastofnanir í fyrra. Móðurfélagið getur fjármagnað sig með hagkvæmari hætti en við.**

*Þegar vörur eru fluttar inn í stað þess að framleiða þær þarf væntanlega að fækka starfsmönnum.*

„Já, það er rétt. Þó er vert að taka fram að þó stöðugildum hafi fækkað þá misstu engir starfsmenn vinnuna sökum þessa, við buðum öllum starfsmönnum sem þessi breyting snerti ný störf innan fyrirtækisins.“

*Hvað voru starfsmenn fyrirtækisins margir þegar þeir voru flestir?*

„Árið 2010, þegar ég sný aftur til starfa hjá fyrirtækinu, voru þeir um 220. Það er hins vegar ekki hægt að segja að starfsmönnum hafi fækkað úr 220 í 165 því tugir starfsmanna fluttust til þeirra fyrirtækja sem við höfum samið við um úthýsingu á verkefnum. En starfsmönnum hefur vissulega fækkað.“

**Hollari neysluvenjur**

*Hvernig gengur glíman við hollari neysluvenjur Íslendinga?*

„Það er áskorun fyrir 77 ára gamalt fyrirtæki sem ber nafn Coca-Cola. Lengi vel seldum við bara Coke með sykri. Þessi þróun hefur verið augljós nokkuð lengi og við höfum unnið hörðum höndum að því að þróa og kynna á markaði hollari valkosti fyrir neytendur.

Sykurlausir drykkir eru að verða stór hluti af okkar sölu og við höfum tekið þeirri þróun fagnandi með öflugri vöruþróun. Coke Zero er til dæmis þriðji stærsti gosdrykkurinn á Íslandi, stærri en gamalgrónu drykkirnir Pepsi og Appelsín. Úrvalið af sykurlausum drykkjum hefur stórbatnað, nú er til að mynda boðið upp á sykurlaust Fanta og Sprite.

Að því sögðu er Coca-Cola langstærsti drykkurinn okkar og það skiptir okkur miklu að halda vel á spöðunum hvað það varðar. Við vitum að óhófleg sykurneysla er ekki góð og höfum því verið að færa söluna frá stórum tveggja lítra flöskum í átt að minni umbúðum. Fólk drekkur sjaldnar Coca-Cola og drekkur minna í einu. Þegar heimilin kaupa í minni umbúðum geta heimilismenn allir fengið sinn uppáhaldsdrykk, sumir eru í Coca-Cola, aðrir í Coke Zero og enn aðrir kjósa fremur Fanta, Sprite eða Topp.

En við leggjum hlutfallslega meiri áherslu á sykurlausu drykkina en við ættum að gera miðað við sölu til að ýta við þróuninni og stuðla að betri lýðheilsu.“

*Í ljósi þess að landsmenn eru að færa sig í hollari drykki, hvernig hefur markaðshlutdeild Coca-Cola þróast á tíu árum?*

„Hún dregst saman hægt og rólega. Fyrir áratug var markaðshlutdeild Coca-Cola um 70-80 prósent af gosdrykkjamarkaðnum en er komin í 65 prósent á meðan aðrar vörur vaxa á móti.“

*Hvernig skiptist salan hjá ykkur?*

„Í magni eru gosdrykkir 48 prósent af sölunni, bjór 22 prósent og vatn 11 prósent. Aftur á móti er bjór og innflutt áfengi tæplega helmingur af veltu enda er um dýrari vöru að ræða vegna áfengisskatta.“

*Hvernig er markaðshlutdeild Coca-Coca á Íslandi samanborið við Ölgerðina?*

„Ég fullyrði að samkeppnin er hvergi harðari frá degi til dags en á okkar markaði. Við heyjum harða baráttu á degi hverjum. Það má segja að markaðshlutdeildin sé hnífjöfn heilt yfir í óáfengum drykkjum. Í gosdrykkjum erum við á pari, markaðshlutdeildin sveiflast frá 48 prósentum til 52. Ef við brjótum markaðshlutdeildina til mergjar má sjá að við erum stærri í sykruðum gosdrykkjum en Ölgerðin er stærri í sykurlausum gosdrykkjum með Pepsi Max, jafnvel þótt Coke Zero sé að vaxa hraðar.

Ölgerðin er stærri í vatninu en við erum stærri í ávaxtasöfum og orkudrykkjum. Þeir eru stærri en við í sölu á bjór eftir að Carlsberg fluttist yfir en við erum stærstir í sölu á íslenskum bjór. Þetta er skemmtileg barátta sem hvetur báða aðila til að gera sífellt betur. Maður byrjar hvern dag á að kíkja á sölu gærdagsins.“

**Viðskiptavinir orðnir sterkari**

*Hvaða áhrif hafði tilkoma Costco á ykkar rekstur?*

„Þegar Costco opnaði í maí 2017 voru þeir ekki í samstarfi við okkur heldur fluttu inn allar okkar vörur frá Bretlandi. Við höfðum átt í viðræðum við þá um flöt á samstarfi en svona hófu þeir leika. Frá desember það ár höfum við selt þeim gos, vatnsdrykki og bjór. En þessi byrjun hafði mikil áhrif á okkur. Á fyrstu mánuðunum í rekstri hafði Costco örugglega um 15 prósent markaðshlutdeild á matvælamarkaði. Það er stór biti. Frá haustinu hefur sú hlutdeild minnkað hratt og leiða má að því líkur að hún sé nú um fimm prósent. Þeir eru ekki í AC Nielsen gagnagrunninum.

Í kjölfar komu Costco hafa stærstu viðskiptavinir okkar tekið stakkaskiptum. Hagar sameinuðust Olís, N1 yfirtók Festi og Samkaup keyptu hluta af 10/11.

Þrír af okkar stærstu viðskiptavinum voru sem sagt að kaupa aðra þrjá af okkar tíu stærstu viðskiptavinum. Sex af okkar tíu stærstu viðskiptavinunum urðu því að þremur. Viðskiptaumhverfið hefur því breyst. Ég ætla svo sem ekki að fullyrða að innreið Costco sé ástæðan fyrir sameiningunum en þær komu til sögunnar tiltölulega fljótlega eftir opnun bandarísku keðjunnar.“

*Hvaða áhrif hafa þessar sameiningar á ykkar rekstur?*

„Þær hafa haft góð áhrif. Við höfum í gegnum tíðina átt í ágætu samstarfi við þessi fyrirtæki. Í sumum tilvikum hefur það engu breytt, í sumum tilvikum fara fyrirtækin með allar sínar vörur í gegnum miðlæg vöruhús. Við höfum því þurft að aðlaga okkur að þörfum þessara viðskiptavina og í einhverjum tilvikum hafa kjör breyst í samræmi við breytta þjónustu. Í einhverjum tilvikum hefur þetta þau áhrif að samtal við viðskiptavini okkar færist á færri hendur sem er ágætt.

Ég lít ekki á þetta sem ógnun heldur tækifæri því nú erum við í samstarfi við stærri og öflugri fyrirtæki sem er betra að vinna með. Það er okkar reynsla hingað til.“

**Ferðamenn auka söluna um tvö til fjögur prósent árlega**

*Hve mikið hefur ferðamannastraumurinn aukið við sölu fyrirtækisins?*

„Ferðamönnum hefur fjölgað um 30-40 prósent á ári undanfarin sex ár. Vöxturinn hjá okkur er ekkert í líkingu við það. Eflaust má rekja um tveggja til fjögurra prósenta aukningu í tekjum til ferðamanna.

Það verður samt ekki litið fram hjá því að ferðamenn hafa gert það að verkum að flóra veitingastaða hefur aukist verulega, einkum í miðborginni, og við erum í samstarfi við marga þeirra. Aðstæður í rekstri veitingastaða voru reyndar mun betri fyrir þremur árum, áður en krónan varð svona sterk, þá var aðsóknin jafnari yfir daginn og ferðmenn versluðu ekki eins mikið í matvörubúðum og Vínbúðinni. Til viðbótar eru blikur á lofti vegna kjarasamninga.“

## Við erum hluti af lausninni en ekki vandanum

Einar Snorri segir að við upphaf árs 2017 hafi fyrirtækið – ásamt öðrum í Coca-Cola fjölskyldunni – sett fram metnaðarfulla skuldbindingu um að minnka sykur í seldum lítra um 10 prósent milli áranna 2015 til 2020.

„Það hefur tekist nú þegar, ári á undan áætlun og erum við að vonum ánægð með árangurinn. Ef við horfum aftur til 2010 höfum við dregið úr sykri í vörum okkar um 30 prósent. Þá þróun má rekja til breyttra neysluvenja og aukinnar meðvitundar um heilbrigða lífshætti, bæði hjá neytendum og hjá okkur framleiðendum. Við viljum bjóða upp á hollari valkosti, m.a. með aukinni áherslu á vörur sem eru sykurlausar. Sem dæmi má nefna að ef það er tilboð á venjulegu kóki í verslun, þá er sama tilboð á Coke Zero og við höfum lagt mikla vinnu í vöruþróun á kolsýrðu vatni.

Coca-Cola fær enn langmesta hilluplássið í verslunum af þeim vörum sem CCEP selur því annars myndu hillurnar tæmast hratt. Þegar kaupmenn leggja ríka áherslu á sykurlausu drykkina lenda þeir oft í vandræðum með að halda hillunum fullum af sykruðu drykkjunum.

Á árum áður stóðu öll spjót á Coca-Cola fyrir að stuðla að offitu með sykruðum gosdrykkjum og við höfum hlustað á þessar áhyggjuraddir. Það er ekki staðan núna. Við erum hluti af lausninni en ekki vandanum.“

*Hversu hollir eru þessir sykurlausu valkostir?*

„Oft eru drykkirnir ekki eingöngu sykurlausir heldur einnig án hitaeininga. Það er því hægt að slökkva þorstann og í sumum tilvikum fá einnig steinefni án hitaeininga. Í staðinn eru sætuefni sem gefa bragð en þau hafa verið rannsökuð meira en flest önnur matvæli og hafa ekki slæm áhrif á heilsu.“

# Kaupin sögð jafngilda stríðsyfirlýsingu

**Kaup hollenska ríkisins á eignarhlut í Air France-KLM, sem er að hluta í eigu franska ríkisins, kom frönskum stjórnvöldum verulega á óvart. „Óskiljanlegt“ sagði franski fjármálaráðherrann. Óttast er að átök í eigendahópnum muni koma niður á rekstri félagsins.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Það kom flatt upp á franska forsetann Emmanuel Macron þegar hollenski forsætisráðherrann Mark Rutte lét þess getið í lok símtals þeirra þriðjudagskvöldið í síðustu viku að hollenska ríkið hefði keypt hlutabréf Air France-KLM og hygðist eignast jafn stóran hlut, um fjórtán prósent, og franska ríkið fer með í fransk-hollenska flugfélaginu. Klukkutíma síðar var tilkynnt opinberlega um hlutabréfakaupin.

Óhætt er að segja að fregnunum hafi verið illa tekið í Parísarborg. Bruno Le Maire, fjármála- og efnahagsráðherra Frakklands, sagði kaupin „óskiljanleg“ og Macron sagðist ætla að krefjast útskýringa á þeim. Ýmis fúkyrði voru látin falla af hálfu franskra embættismanna og þá sagði pistlahöfundur franska dagblaðsins Le Monde aðgerðir hollenskra yfirvalda jafngilda „stríðsyfirlýsingu“.

„Þetta eru milliríkjasamskipti sem við höfum aldrei séð áður,“ sagði ráðgjafi í franska fjármálaráðuneytinu í samtali við Financial Times.

Kaup hollenska ríkisins á eignarhlut í þessari næststærstu flugfélagasamstæðu í Evrópu, sé miðað við farþegafjölda, lögðust ekki aðeins illa í franska embættis- og stjórnmálamenn, heldur jafnframt í fjárfesta en til marks um það hríðféllu hlutabréf í flugfélaginu um allt að fimmtán prósent í verði daginn eftir að tilkynnt var um kaupin. Óttast greinendur og fjárfestar að átök geti skapast á milli stjórnvalda í Frakklandi og Hollandi um eignarhaldið á flugfélaginu með neikvæðum áhrifum á rekstur og samkeppnisstöðu félagsins.

„Við höfum áhyggjur af því að ólíkir hagsmunir ríkjanna muni minnka líkurnar á því að félaginu takist að komast í gegnum nauðsynlega endurskipulagningu,“ segir Daniel Roeska, greinandi hjá Bernstein.

### Vilja verja mikilvæg fyrirtæki

Áform hollensku ríkisstjórnarinnar um að eignast svo stóran hlut, að virði um 700 milljónir evra, í Air France-KLM kemur ekki hvað síst á óvart í ljósi þess hve mikla áherslu ríkisstjórnir landsins hafa lagt á einkavæðingu ríkisfyrirtækja síðustu árin.




**Hlutabréf í Air France-KLM, einu stærsta flugfélagi heims, hrundu í verði eftir að hollenska ríkið eignaðist hlut í því í síðustu viku. Hollendingar segjast með kaupunum vilja verja hagsmuni sína.** NORDICPHOTOS/GETTY

Viðmælendur Financial Times benda hins vegar á að áform Hollendinga séu í ágætu samræmi við áherslubreytingar á meðal stjórnmálamanna víðs vegar um Evrópu sem tala nú í auknum mæli fyrir meiri ríkisafskiptum af fyrirtækjum sem talin eru kerfislega eða jafnvel samfélagslega mikilvæg.

Aðeins eru fáeinar vikur síðan stjórnvöld í Frakklandi og Þýskalandi kölluðu eftir því að evrópskum samkeppnislögum yrði umbylt til þess að hægt yrði að búa til „evrópskan iðnaðarrisa“ til þess að sporna gegn vaxandi umsvifum kínverskra ríkisfyrirtækja í Evrópu.

Pepijn Bergsen, pólitískur ráðgjafi hjá Flint Global, segir það ólíkt hollenskum stjórnvöldum að kaupa hlutabréf í einkafyrirtæki. Það sé eitthvað sem tíðkist fremur í Frakklandi. Hollendingar, sem hafi áður verið „dyggir varðmenn“ frjálsra markaða, kjósi nú hins vegar fremur að „standa vörð um þeirra mikilvægu atvinnuvegi og fyrirtæki“.

Viðmælendur Financial Times í hollenska stjórnkerfinu taka fram að þarlend stjórnvöld hafi, án þess að hafa hátt um það, breytt á undanförnum misserum stefnu sinni þegar komi að kerfislega mikilvægum atvinnugreinum. „Við getum ekki lengur verið einfeldningsleg,“ segir hollenskur embættismaður.

Hollensk stjórnvöld eru efins um þau áform franskra og þýskra stjórnvalda að breyta evrópskum samkeppnislögum í kjölfar þess að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ógilti í síðasta mánuði samruna lestaframleiðendanna Siemens og Alstom. Þau taka hins vegar undir með frönskum stjórnvöldum að Evrópusambandið verði að vera „ákveðnara“ þegar komi að því að verja atvinnuvegi sína og störf, að sögn embættismannsins.

### Vaxandi spenna

Nokkur spenna hefur verið í samskiptum stjórnenda Air France annars vegar og KLM hins vegar eftir að félögin voru sameinuð árið 2004. Þrátt fyrir sameininguna eru félögin eftir sem áður rekin undir eigin merkjum.

Hollenskir stjórnendur KLM hafa lengi kvartað yfir vaxandi áhrifum hinna frönsku stjórnenda Air France á mikilvægar ákvarðanir innan samstæðunnar. Það skjóti skökku við í ljósi þess að rekstur hollenska dótturfélagsins hafi gengið mun betur en þess franska.

Gremja Hollendinganna náði hámarki á síðasta ári þegar þáverandi forstjóri móðurfélagsins, hinn franski Jean-Marc Janaillac, neyddist til þess að segja starfi sínu lausu eftir að kjaraviðræður félagsins við franska flugmenn þess fóru út um þúfur.

Wopke Hoekstra, fjármálaráðherra Hollands, skaut föstum skotum á stjórnendur franska dótturfélagsins í liðinni viku þegar hann sagðist ætla að leita leiða til þess að „bæta rekstur“ félagsins.

Hollensk stjórnvöld íhuguðu það fyrst fyrir um tveimur árum að eignast hlut í Air France-KLM til þess að mynda mótvægi við völd Frakkanna innan flugfélagsins. Lagði Jeroen Dijsselbloem, þáverandi fjármálaráðherra Hollands, meira að segja til við franska fjármálaráðherrann Le Maire á haustmánuðum 2017 að hollenska ríkið keypti hluta af eignarhlut franska ríkisins í félaginu. Þær þreifingar báru ekki árangur.

Að sögn þeirra sem þekkja vel til mála snúa áhyggjur hollenskra stjórnvalda fyrst og fremst að því að þeim takist ekki að vernda Schipol-alþjóðaflugvöllinn í Amsterdam en völlurinn, sem er aðalflugvöllur KLM, skapar um 65 þúsund störf og er flogið frá honum til meira en 300 áfangastaða víða um heim.

„Við viljum sitja við borðið og ekki láta koma okkur á óvart,“ segir Cora van Nieuwenhuizen, ráðherra innviðamála í Hollandi.

Fregnir síðustu viku auka, að mati greinenda og stjórnmálaskýrenda, líkurnar á því að stjórnmálamenn fari að hafa afskipti af daglegum rekstri Air France-KLM.

Roeska hjá Bernstein segist jafnframt óttast að aukin átök á vettvangi stjórnar flugfélagsins, en hollenska ríkið hyggst fá fulltrúa sinn kjörinn í stjórnina, muni gera forstjóranum Ben Smith erfiðara fyrir að marka félaginu skýra stefnu til framtíðar.

**Það er á ábyrgð hollenskra stjórnvalda að útskýra áform sín í þessum efnum.**

Emmanuel Macron, forseti Frakklands



**KLM er hollenska hagkerfinu afar mikilvægt og því er nauðsynlegt að það sé vel rekið.**

Mark Rutte, forsætisráðherra Hollands



## Ráðherrar reyna að lægja öldurnar

Stjórnvöld í Frakklandi og Hollandi hafa á síðustu dögum leitað leiða til þess að draga úr þeim usla sem hlutabréfakaup hollenska ríkisins í Air France-KLM komu af stað í liðinni viku. Þannig hétu fjármálaráðherrar ríkjanna því á föstudag að vinna saman að því að marka flugfélaginu stefnu til framtíðar.

Ráðherrarnir, hinn franski Bruno Le Maire og hinn hollenski Wopke Heokstra, funduðu saman í Parísarborg og ákváðu að koma á fót starfshópi sem hefur það hlutverk að semja tillögur að stefnu og stjórnarháttum flugfélagsins sem taka tillit til hagsmuna beggja ríkja. Er markmið starfshópsins, sem á að skila ráðherrunum skýrslu fyrir lok júní, sagt að „styrkja samstarf“ ríkjanna á vettvangi stjórnar félagsins.

„Við viljum byggja upp sterkara fyrirtæki og tryggja það að hagsmunir beggja ríkja verði hafðir til hliðsjónar,“ sagði Hoekstra.

„Við verðum að forðast með öllum ráðum að krísuástand skapist sem myndi skaða alla,“ sagði franskur embættismaður um sáttafund ráðherranna.

# Tæknirisinn Amazon opnar matvöruverslanir

Tæknirisinn Amazon hefur áform um að opna fjölda matvöruverslana í helstu stórborgum Bandaríkjanna á næstu misserum, samkvæmt heimildum Wall Street Journal.

Gert er ráð fyrir að fyrirtækið opni fyrstu verslunina í Los Angeles fyrir lok þessa árs. Þá hafa stjórnendur Amazon jafnframt gengið frá leigusamningum um húsnæði fyrir að minnsta kosti tvær aðrar verslanir sem er búist við að opni snemma á næsta ári, eftir því sem heimildir Wall Street Journal herma.

Umræddar verslanir verða ólíkar verslunum keðjunnar Whole Foods sem Amazon keypti árið 2017. Ekki er hins vegar vitað hvort nýju verslanirnar verða reknar undir merkjum Amazon eða hvort nýtt vörumerki verður búið til fyrir þær.

Auk þess að opna nýjar matvöruverslanir hafa forsvarsmenn tæknirisans áhuga á því að kaupa fleiri matvörukeðjur, að sögn Wall Street Journal, sem gætu hjálpað fyrirtækinu að auka hlutdeild sína á bandaríska markaðinum.



**Amazon hyggst hrista upp í matvörumarkaðinum.** NORDICPHOTOS/GETTY

Nokkuð er síðan Amazon opnaði nýja tegund matvöruverslana undir nafninu Amazon Go en verslanirnar, sem eru án starfsmanna og afgreiðslukassa, virka þannig að skynjarar og myndavélar fylgjast með því hvað viðskiptavinir taka úr hillunum. Hyggst Amazon opna fleiri slíkar verslanir. **– kij**

# Lyft hefur ekki enn skilað hagnaði

Stjórnendur Lyft, sem stefnir á hlutabréfamarkað á árinu, upplýstu fyrir helgi að bandarísku leigubílaþjónustunni hefði enn ekki tekist að skila hagnaði. Í lýsingu sem birt var á vef verðbréfaeftirlitsins þar í landi á föstudag, í tilefni af fyrirhuguðu hlutafjárútboði Lyft, birtust í fyrsta sinn opinberlega nákvæmar fjárhagsupplýsingar um félagið.

Talið er að leigubílaþjónustan, sem er einn helsti keppinautur Uber, geti verið metin á bilinu 20 til 25 milljarða dala í útboðinu en stefnt er að skráningu félagsins á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í New York í vor.

Í lýsingunni kemur fram að tekjur Lyft hafi numið 2,2 milljörðum dala, sem jafngildir 263 milljörðum króna, á síðasta ári en tap félagsins var ríflega 911 milljónir dala, jafnvirði 109 milljarða króna.

Til samanburðar námu tekjur Lyft 343 milljónum dala árið 2016 og 1,1 milljarði dala árið 2017.




**Lyft stefnir á hlutabréfamarkað í ár.** NORDICPHOTOS/GETTY

**263**

**milljarðar króna voru tekjur Lyft í fyrra.**

Tap leigubílaþjónustunnar var 683 milljónir dala árið 2016 og 688 milljónir dala ári síðar, eftir því sem tekið er fram í lýsingunni.

Fram kemur í frétt Reuters að stjórnendur og ráðgjafar Lyft muni hefja fundaröð með fjárfestum 18. mars næstkomandi. Félagið, sem var stofnað af þeim John Zimmer og Logan Green fyrir sjö árum, er um þessar mundir metið á um 15 milljarða dala. **– kij**

# Róbó-ráðgjöf fær nýja fjárfesta til leiks

**Sjálfvirkni hefur aukið aðgengi að fjárfestingaráðgjöf og eignastýringu erlendis. Róbó-ráðgjafar hafa lækkað verð þjónustunnar og gert fjármálafyrirtækjum kleift að höfða til breiðari hóps. Kostir og gallar fylgja því að taka mannlega þáttinn út úr myndinni.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is





Freyr Snæbjörnsson og Fannar Freyr Ívarsson segjast báðir geta hugsað sér að nota róbó-ráðgjöf þegar hún mun standa til boða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjálfvirknivæðing í fjárfestingaráðgjöf og eignastýringu hefur gert fjármálafyrirtækjum í Bandaríkjunum og Evrópu kleift að ná til breiðari hóps viðskiptavina. Svokallaðir róbó-ráðgjafar hafa gert fjárfestingaráðgjöf ódýrari og eru sagðir auka gæði hennar. Þó er að ýmsu að huga áður en slík ráðgjöf er falin forritum.

Fannar Freyr Ívarsson og Freyr Snæbjörnsson, lögmenn hjá LOGOS, héldu erindi á UT-messunni fyrr í mánuðinum þar sem þeir fóru yfir möguleikana sem felast í róbó-ráðgjöf og þau lagalegu atriði sem að henni snúa.

Róbó-ráðgjafar eru forrit sem veita fjárfestingaráðgjöf og sinna eignastýringu á grundvelli algríma með lítilli eða engri mannlegri aðkomu. Viðskiptavinurinn veitir ákveðnar upplýsingar, með því að svara spurningalista, og forritið nýtir upplýsingarnar til að veita fjárfestingaráðgjöf. Tæknin virðist ekki enn hafa náð fótfestu á Íslandi.

„Þó að við höfum séð meiri sjálfvirkni í fjármálageiranum á Íslandi, til dæmis hjá bönkum og tryggingafélögum, á undanförnum misserum þá vitum við ekki til þess að þess konar þjónusta hafi staðið til boða,“ segir Freyr í samtali við Markaðinn.

**Engir þröskuldar**

Sjálfvirka fjárfestingaráðgjöf má rekja aftur til ársins 2008 þegar fyrstu lausnirnar sem náðu almennilegum vinsældum voru settar á markað. Eins og gjarnan er þegar tækninýjungar líta dagsins ljós var brautin rudd af smærri nýsköpunarfyrirtækjum. Í kringum árið 2015 var tæknin síðan tekin upp af stærstu ráðgjafar- og sjóðstýringarfyrirtækjum heims, Charles Schwab og Vanguard. Róbó-ráðgjöf er nú orðin frekar algeng í Bandaríkjunum en hún hefur einnig náð fótfestu í Bretlandi og Þýskalandi. Í árslok 2017 var metið að um 100 fyrirtæki byðu slíka þjónustu í Evrópu og um 200 í Bandaríkjunum.

„Það sem er athyglisvert ef við horfum á þróunina í Bandaríkjunum er að margir viðskiptavinir sem fjármálafyrirtæki hafa fengið í róbó-ráðgjöf eru ekki með eignir í stýringu og hafa yfirleitt ekki verið að nota fjárfestingaráðgjöf yfirhöfuð. Þessi þjónusta höfðar til smærri fjárfesta,“ segir Fannar. Í því samhengi nefnir hann að róbó-ráðgjöf sé ódýrari en hefðbundin ráðgjöf og yfirleitt séu lítlir sem engir þröskuldar að eignastýringu sem byggir á henni. Til samanburðar kann að þurfa á annan tug milljóna til að komast í eignastýringu hjá sumum íslenskum fjármálastofnunum.

**Orðalag spurninga skiptir máli**

Þá vaknar sú spurning hvort æskilegt sé að fjarlægja mannlega þáttinn úr fjárfestingaráðgjöf og eignastýringu. Því fylgja kostir og gallar að sögn Fannars.

„Það liggur í hlutarins eðli að mannlegum mistökum fækkar. Ráðgjöf getur verið verri eða betri einn daginn eftir því hvernig ráðgjafinn er fyrirkallaður. Sjálfvirkni ætti þá að minnka líkur á hagsmunaárekstrum, það verður betra samræmi í ráðgjöfinni og auðveldara að nálgast upplýsingar yfir þá ráðgjöf sem hefur verið veitt,“ segir Fannar sem tekur þó fram að sjálfvirknivæðing tryggi ekki endilega að engir hagsmunaárekstrar eigi sér stað. Til dæmis sé hætta á því að hlutdrægni verði forrituð inn í róbó-ráðgjafana, t.d. með þeim hætti að ráðgjafinn vísi á þá sjóði sem best þjóna hans hagsmunum.

„Hvað sjálfvirka eignastýringu varðar er hún liprari þegar kemur að því að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum vegna þess að hún gæti breytt eignasafninu í allt að því rauntíma. Einn helsti kosturinn við róbó-ráðgjafa er að tölvur vinna hraðar og betur úr upplýsingum,“ segir Fannar. Með því að taka burt mannlega þáttinn kunna hins vegar að aukast líkur á því að viðskiptavinur misskilji ráðgjöfina eða veiti rangar upplýsingar.

„Ef þú ert að svara spurningalista í tölvu þá greinir hún ekki endilega að þú sért að misskilja spurningarnar. Sem dæmi má nefna ef róbó-ráðgjafinn spyr um tekjur þínar, og á við tekjur eftir skatt, en þú heldur að verið sé að spyrja um tekjur fyrir skatt. Mennskur ráðgjafi gæti eflaust betur áttað sig á því að um misskilning væri að ræða en tölvan,“ segir Fannar.

> **Hvað sjálfvirka eignastýringu varðar er hún liprari þegar kemur að því að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum vegna þess að hún gæti breytt eignasafninu í allt að því rauntíma.**
>
> Fannar Freyr Ívarsson lögmaður

Fannar og Freyr fóru gegnum spurningalista hjá ýmsum fyrirtækjum við undirbúning fyrirlestursins.

„Það var ein spurning sérstaklega minnisstæð. Spurt var: Myndir þú aftur kaupa bílategund sem þú hefur slæma reynslu af? Það getur vel verið að þetta sé sniðug spurning til að meta hina ýmsu þætti sem mig varða en ég hins vegar áttaði mig engan veginn á því hver tilgangurinn var eða hvaða áhrif svarið myndi hafa á niðurstöðuna. Það var engar frekari upplýsingar að hafa. Ef ég get ekki áttað mig á spurningunni þá er erfitt fyrir mig að svara henni,“ segir Freyr.

### Önnur sjónarmið en fjárhagsleg verði einnig tekin til greina í sjálfvirkri fjárfestingaráðgjöf

Unnið er að innleiðingu evrópsku tilskipunarinnar MiFID II hér á landi. Inntakið er að róbó-ráðgjafar beri ekki minni ábyrgð eða skyldur en mennskir ráðgjafar. Verðbréfamarkaðsstofnun Evrópu (ESMA) hefur auk þess gefið út leiðbeiningar sem snerta sérstaklega á róbó-ráðgjöf og þeim sérsjónarmiðum sem kunna að eiga við um slíka ráðgjöf. Í leiðbeiningunum er m.a. lögð áhersla á að spurningar séu vel skiljanlegar og settar fram með þeim hætti að þær gefi rétt svör. Jafnframt að veittar upplýsingar séu skýrar og aðgengilegar.

Í þessu sambandi líta leiðbeiningar ESMA til kenninga atferlisfjármála, sem er fræðasvið sem tengir saman kenningar í fjármálum og sálfræði. „Sem dæmi sýna rannsóknir á þessu sviði að það skiptir lykilmáli hvernig spurningar eru orðaðar vegna þess að þú getur fengið gjörólík svör við efnislega sömu spurningu eftir því hvernig hún er sett fram,“ segir Freyr.

Þá liggja fyrir tillögur frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um breytingar sem fela í sér að skylt sé að taka tillit til fleiri þátta en fjárhagslegra. „Þetta myndi þýða að ráðgjöfin þyrfti að taka umhverfissjónarmið, samfélagssjónarmið og stjórnarhætti fyrirtækja með í reikninginn. Umhverfissinnaður einstaklingur gæti frekar viljað fjárfesta í umhverfisvænu fyrirtæki meðan aðrir gætu viljað fjárfesta einvörðungu í fyrirtækjum með góða stjórnarhætti o.s.frv. Það verður áhugavert að sjá hvort og að hvaða leyti þessir þættir muni hafa áhrif á fjárfestingaákvarðanir, sérstaklega ef fólk þarf að fórna ávöxtun fyrir slík sjónarmið,“ segir Freyr.

# Jeff Bezos og Bill Gates fjárfesta í jarðvarma á Íslandi

Breakthrough Energy Ventures, fjárfestingafélag sem er fjármagnað af Jeff Bezos, stofnanda Amazon, Bill Gates, stofnanda Microsoft, og Jack Ma, stofnanda Alibaba, og fleirum, hefur fjárfest fyrir 12,5 milljónir dollara, jafnvirði 1,5 milljarða króna, í hinu sænska Baseload Capital. Það fjármagnar jarðhitavirkjanir sem nýta tækni frá móðurfélaginu Climeon. Þetta kemur fram í erlendum fjölmiðlum.

Baseload Capital fjármagnar meðal annars íslenska fyrirtækið Varmaorku sem vinnur að uppbyggingu lághita jarðvarmavirkjana á Íslandi. Baseload Camp mun leggja Varmaorku til ríflega 30 milljónir evra, jafnvirði ríflega fjögurra milljarða króna, í formi hlutafjár og lána. Varmaorka keypti búnað af Climeon, að því er fram hefur komið í fjölmiðlum.



Bill Gates fjárfesti í Breaktrough Enegery Ventures. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Baseload Capital leggur Varmaorku til ríflega fjögurra milljarða króna**

Tækifærið í huga stjórnenda Breakthrough Energy Ventures er að fyrir tilstuðlan Baseload Capital og Cliemon verði hægt að framleiða rafmagn í stórum stíl með hagkvæmum hætti án þess leysa jafnframt gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið.

Varmaorka stefnir á að framleiða 15 megavött af rafmagni. Vísir upplýsti í byrjun síðasta árs að Hrunamannahreppur og Hitaveita Flúða hafi samið við Varmaorku um samstarf til framleiðslu rafmagns úr lághita. Fyrirtækið Flúðaorka haldi um framleiðsluna og nýti heitavatnsholu í landi Kópsvatns við Flúðir.

Með fjárfestingu í Baseload Capital mun Breakthrough Energy Ventures leggja minni jarðamavirkjunum til fé sem meðal annars verður nýtt í jarðvarmaverkefni í Japan. Pantanabók Baseload Capital nemur 88 milljónum dollara. – **hvj**

## Skotsilfur

### Nýstárleg rök



**Katrín Ólafsdóttir**, lektor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, færði fyrr í vikunni heldur nýstárleg rök fyrir hátekjuskatti. Aðspurð um pattstöðuna í kjaraviðræðum verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur nefndi hún að slíkur skattur myndi „bæta samningsandann“ í viðræðunum. Hingað til hefur verið talað um að skattkerfið eigi að nota til þess að afla ríkinu tekna eða auka jöfnuð í samfélaginu en aldrei til þess að bæta stemninguna í viðræðum tveggja deilenda sem hvorugur er ríkisvaldið.

### Svava snýr aftur



**Svafa Grönfeldt** stimplaði sig aftur inn í íslenskt viðskiptalíf með afgerandi hætti á dögunum með því að bjóða fram krafta sína í stjórnir Icelandair Group og Origo sem skráð eru í Kauphöll. Að öllum líkindum verður hún kjörin í stjórn flugfélagsins og tilnefningarnefnd Origo styður jafnframt við bakið á henni. Svafa er stjórnarformaður viðskiptahraðals hjá MIT-háskóla í Boston og stjórnarmaður í Össuri. Hún var áður atkvæðamikil hér á landi og var á meðal lykilstjórnenda Alvogen og Actavis.

### Sömu menntun



**Guðjón Reynisson**, fyrrverandi forstjóri Hamleys, nær að hrista upp í stjórn Festar. Að minnsta kosti að nafninu til. Allir stjórnarmenn hafa lokið grunnnámi í viðskiptafræði nema hann. Guðjón útskrifaðist frá Íþróttakennaraskólanum áður en hann fann fjölina sína í viðskiptalífinu. Í kjölfarið lauk hann MBA-prófi og því eru allir í stjórninni viðskiptafræðingar. Á tímum þegar ákall er um fjölbreyttan bakgrunn stjórnarmanna og kynjakvóti lögleiddur vekur athygli að Festarliðar, sem hafa fjölbreytta reynslu úr atvinnulífinu, hafi allir lokið svipuðu námi.

## Volkswagen spáir aukinni sölu þrátt fyrir mótlæti



Þrátt fyrir talsverðan mótbyr á mörkuðum og pólitískan óstöðugleika segist þýski bílaframleiðandinn Volkswagen gera ráð fyrir aukinni sölu og betri afkomu á yfirstandandi ári í samanburði við árið í fyrra. „Mótbyrinn á okkar lykilmörkuðum verður sennilega enn meiri á þessu ári. Hins vegar getum við, með góðu átaki, náð okkar metnaðarfullu markmiðum fyrir árið,“ sagði forstjórinn Herbert Diess. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ljós í myrkrinu



**Konráð S. Guðjónsson**
hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Sagan er eins og tómatsósuflaska“ sagði sögukennarinn minn í menntaskóla. „Fyrst kemur ekkert, síðan kemur ekkert, svo kemur allt.“ Ekki fylgdi sögunni að þetta ætti við hagsöguna en í tilfelli Íslands virðist svo vera. Eftir að lítið kom úr flöskunni frá 2009 og fram eftir ári 2014 má segja að skyndilega hafi öll sósan runnið út í hagkerfið. Á árunum 2015 og 2016 féll nánast allt með efnahagslífinu en í fyrra og árið 2017 urðu horfurnar svo tvísýnni þó að kaupmáttur hafi aukist og atvinnustig væri hátt. Aftur á móti virðist margt vera að snúast gegn okkur núna þegar einungis 64 dagar eru liðnir af árinu: Loðnubrestur, samdráttur í ferðaþjónustu og átök á vinnumarkaði.

**Eins og espresso fyrir hagkerfið**

Allt þetta slævir hagkerfið sem ógnar lífskjörum og lífsviðurværi fólks. Þess vegna er frekari losun fjármagnshafta og afnám bindiskyldu á erlendar fjárfestingar í skuldabréfum ljós í myrkrinu og eins og tvöfaldur espresso fyrir hagkerfið. Fyrstu viðbrögð voru þó hófstillt af tvöföldum espresso að vera eða 0,10-0,19 prósentustiga lækkun ávöxtunarkröfu langra ríkisskuldabréfa enda tíðindin ekki óvænt. Þessi espresso hefur þó þann sérstaka eiginleika að áhrif hans geta orðið varanleg og meiri ef rétt er haldið á spilunum.

**Til mikils að vinna**

Í fyrsta lagi hefur vaxtastig á Íslandi nú þegar sjaldan eða aldrei verið lægra. Lækkun vaxta erlendis, öldrun þjóðarinnar, lág skuldastaða, breiðari grunnur útflutnings og langvarandi lítil verðbólga með óvenju lágum verðbólguvæntingum hafa meðal annars stuðlað að því. Þessari hljóðlátu þróun virðist ekki lokið og afnám bindiskyldunnar gæti hraðað henni, einkum ef verðbólgudraugurinn verður ekki særður fram við langborðið í Karphúsinu.

Í öðru lagi eru tíðindin kærkomin innspýting inn í íslenskan verðbréfamarkað. Síðustu sex mánuði hafa innlendir fjárfestar keypt erlend verðbréf fyrir 126 milljarða króna á sama tíma og erlendir fjárfestar hafa dregið úr verðbréfaeign sinni hér á landi sem nemur tæpum níu milljörðum. Vegna mikilla umsvifa lífeyrissjóða hér á landi og mikillar fjárfestingarþarfar þeirra munu sjóðirnir eflaust leita áfram út. Þess vegna er mikilvægt fyrir eðlilega verðmyndun verðbréfa og krónunnar að gefa erlendum fjárfestum kost á að koma inn á móti miklu útflæði lífeyrissjóða.

> **Ef vextir lækka um 1% þá lækkar mánaðarleg greiðslubyrði um 25.000 krónur á 30 milljóna óverðtryggðu láni með jöfnum afborgunum**

Í þriðja lagi auðveldar haftalosunin fjármögnun fyrirtækja og stuðlar að lægri fjármagnskostnaði. Fyrir vikið verður auðveldara fyrir fyrirtæki að takast á við kjarasamninga sem samræmast eðlilegu svigrúmi en einnig að vaxa og dafna. Þetta á ekki síst við þær atvinnugreinar sem hafa verið hvað mest í deiglunni síðustu misseri eins og byggingariðnaðinn og leigumarkaðinn. Heyrst hafa fréttir af versnandi verkefnastöðu á fyrstu stigum byggingariðnaðar og fjármögnunarkjör íbúðaleigufélaga eru á köflum lakari en þau sem einstaklingum bjóðast. Lækkun fjármagnskostnaðar myndi hjálpa við hvort tveggja – nauðsynlega uppbyggingu og uppbyggingu öflugs leigumarkaðar.

Loks er lækkun vaxta kjarabót fyrir dæmigerð íslensk heimili. Ef vextir lækka um 1% þá lækkar mánaðarleg greiðslubyrði um 25.000 krónur á 30 milljóna 40 ára óverðtryggðu láni með jöfnum afborgunum. Slík kjarabót væri nærri því þriðjungur af því sem VR hefur krafist í kjaraviðræðum samkvæmt þeirra nýjasta tilboði. Það munar um minna.

**Að slökkva ljósið í myrkrinu**

Hver er sinnar gæfu smiður og því er leikur einn fyrir Íslendinga að kasta frá sér tækifærinu á að festa í sessi lágt en eðlilegt vaxtastig með öllum þeim ávinningi sem í því felst. Of brattar vaxtalækkanir sem skapa eignabólur og verðbólguþrýsting sem springa í andlitið á okkur er ein leið til þess. Skaðleg verkföll og launahækkanir sem ekki er innistæða fyrir er önnur leið enda ávísun á verðbólgu, sveiflur og þannig hærra vaxtastig. Þeir sömu og boða verkföll og mjög brattar launahækkanir hafa engu að síður kallað eftir lægra vaxtastigi. Vonandi sjá þeir aðilar ljósið í myrkrinu.

# Sveitarstjórnarmenn sýni auðmýkt

**SKOÐUN**



**Helgi Vífill Júlíusson**

Sveitarstjórnarmenn hefðu mátt sýna auðmýkt þegar kallað var eftir því að sveitarfélög legðu sitt af mörkum til að liðka fyrir kjaraviðræðum, líkt og ríkið hefur þegar gert. Einkum vegna þess að hinir sömu sveitarstjórnarmenn reyndust flestir óhagganlegir þegar fasteignaskattar hækkuðu upp úr öllu valdi samhliða hækkandi fasteignamati sem meðal annars má rekja til lóðaskorts.

Stighækkandi fasteignagjöld leiða til hærra leiguverðs íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem bitnar að sjálfsögðu á íbúum. Rétt er að hafa hugfast að fasteignaskattar á Íslandi eru með því hæsta sem þekkist í Evrópu sem hlutfall af landsframleiðslu.

Þegar ákallið um skattalækkanir kom gripu stjórnmálamennirnir til varna og sögðust ekki vera aflögufærir, niðurskurður myndi bitni á þjónustu við íbúa.

Sveitarstjórnir hafa teflt á tæpasta vað í rekstri sínum í uppsveiflunni. Það mætti halda að stjórnmálamenn sem ráða för á þeim bæjum hafi talið sér trú um að gleðin myndi engan enda taka. Á fimm ára tímabili til ársins 2017 jukust gjöld sveitarfélaga meira en tekjur, samkvæmt A-hluta ársreikningum. Ríkið hafði á sama tíma borð fyrir báru í sínum rekstri.

Bersýnilega var ekki tekið með í reikninginn að handan við hornið gætu beðið erfiðari tímar enda jukust skuldir Reykjavíkurborgar um 29 prósent á fimm árum ef horft er fram hjá lífeyrisskuldbindingum.

Sveitarfélög verða að læra þá list að skilgreina betur verksvið sitt. Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir uppbyggingu sem hún hefði betur látið eiga sig, eins og fasteignarekstri fyrir veitingastaði Hlemms Mathallar og Braggans. Eins og svo margar framkvæmdir á vegum hins opinbera fóru þær stjórnlaust fram úr áætlunum þótt vissulega sé ekki um miklar fjárhæðir að ræða í samhengi hlutanna. Að auki á borgin Malbikunarstöðina Höfða sem ætti að selja hið fyrsta.

Stærstu tækifærin til að gera betur liggja í menntakerfinu. Rúmlega helmingur kostnaðar Reykjavíkur fer í menntamál. Róttækra aðgerða er þörf, bæði til að efla menntun sem er undirstaða velmegunar, og gæta aðhalds í rekstri. Í því augnamiði þarf að skapa andrými fyrir einkarekna grunnskóla.

Þegar harðnar á dalnum er mikilvægt að þeir sem bera ábyrgð á rekstri einhendi sér í að brjóta starfsemina til mergjar og ákveði hverju megi sleppa, hvað þurfi að gera með öðrum hætti og hvað gangi vel. Sveitarfélögin standa á slíkum tímamótum.

# HUGSUM ÚT FYRIR FLEIRA EN KASSA

ÍMARK

## ÍMARK dagurinn

Föstudaginn 8. mars

Hilton Reykjavík Nordica

## DAGSKRÁ

8.15 – 9.00
**Skráning og afhending fundargagna**

9.00 – 9.10
**Ráðstefna sett**

9.10 – 10.10
**Tobias Degsell**
Frá orðum til aðgerða

10.10 – 10.30
**Kaffihlé**

10.30 – 11.30
**JP hanson**
Er útkoman takmark eða tilviljun?

11.30 – 12.00
**Ólafur Þór Gylfason**
Markaðskönnun MMR

12.00 – 13.00
**Hádegishlé**

13.00 – 13.45
**ÁRA – Árangursríkasta herferð ársins 2018**
Verðlaunaafhending og kynning vinningshafa

13.45 – 14.45
**Katharina Borgenstierna**
Stundum sigrarðu, stundum lærirðu

14.45 – 15.00
**Hlé**

15.00 – 16.00
**Wiemer Snijders**
Erum við úti á túni?
Hvernig náum við aftur jarðtengingu?

16.00 – 16.10
**Ráðstefnulok**

LÚÐURINN
**Íslensku auglýsingaverðlaunin**
HEFST KL. 18.30

**Skráðu þig á imark.is**

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 6. mars 2019

FRÉTTABLAÐIÐ IS
frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins
@frettabladid

## Stjórnarmaðurinn

## WOW-hyggjur

**Enn einu sinni** er nú tvísýnt um framtíð WOW ef marka má fréttaflutning. Breskir miðlar greindu frá því í vikunni að komin væri upp mikil óvissa í viðræðum Skúla Mogensen og fjárfestingasjóðsins Indigo, en ásteytingarsteinninn væri sá hversu stórum hlut Skúli skyldi halda að fjárfestingunni lokinni. Aðilar ákváðu þó að halda lífinu enn sem komið er í viðræðunum og hafa nú gefið sér frest til næstu mánaðamóta.

**Atburðarásin** sem fór af stað í kjölfarið er öllum kunnugleg sem fylgst hafa með málinu. Titringur á markaði, orðrómur um að Skúli hafi tekið upp tólið til Icelandair, og loks myndarleg hækkun á bréfum í Icelandair. Því til viðbótar má bæta við ýmsum merkjum um lausafjárkrísu hjá WOW, allt frá skyndiútsölum á fargjöldum og varningi um borð í vélunum, og nú nýlegast staðfestingu á því að félagið hafi ekki greitt mótframlag starfsmanna sinna undanfarna þrjá mánuði. Allt bendir þetta til þess að félagið rói nú lífróður.

**Þessi vetur** sem senn breytist í vor hefur umfram allt einkennst af óvissu á mörkuðum. Ótvírætt er að fjarað hefur undan þeim mikla uppgangi sem hér hefur ríkt undanfarin ár. Þess sjást merki um allt atvinnulífið. Að flestu leyti er þar um að ræða eðlilegar sveiflur í hagkerfinu. Þá hafa tveir einstakir þættir haldið atvinnulífinu í spennitreyju. Vinnumarkaðsdeilur og framtíð WOW air. Fall WOW hefur sennilega verið metið inn í eignaverð nokkrum sinnum á liðnum misserum. Einhvern tíma hlýtur botninum að vera náð.

**Eins og allir** þekkja er öll óvissa slæm á fjármálamörkuðum. Auðvitað hefðu margir getað haldið betur á spöðunum í yfirstandandi kjaraviðræðum. Tímasetning þeirra nú þegar hagsveiflan nálgast botninn er sömuleiðis óheppileg. Kjarabarátta er hins vegar nokkuð þekkt stærð á mörkuðum og nokkuð sem viðbúið er að komi upp með nokkurra ára millibili.

**Svo er hins vegar** ekki með framtíð WOW air sem eftir allt saman er tiltölulega lítið alþjóðlegt flugfélag. Það er ekkert eðlilegt við að fjárfestar og fólkið í landinu bíði mánuðum saman með öndina í hálsinum eftir því hvort Skúla Mogensen takist hið ómögulega Nú hlýtur að mega slá botn í þetta. Óvissan er af öllu verst, en ef illa fer er að minnsta kosti hægt að takast á við verkefnið.




# Sólning á leið í gjaldþrot

Sólning, einn stærsti innflytjandi hjólbarða á Íslandi, er á leið í gjaldþrot. Þetta staðfestir Gunnar S. Gunnarsson framkvæmdastjóri í samtali við Markaðinn. Útlit er fyrir að átta manns missi vinnuna en síðustu misseri hefur félagið selt frá sér verkstæði sem áður heyrðu undir starfsemina.

„Síðustu 12 mánuðir hafa verið mjög erfiðir og samdrátturinn mikill. Það er mikil fjárbinding í þessum rekstri og nú sitjum við uppi með fullt af dekkjum en ekkert af peningum,“ segir Gunnar en tekur fram að fólk þurfi ekki að hafa áhyggjur af geymsludekkjum. Þau verði áfram aðgengileg á verkstæðum sem eru samningsbundin Sólningu.

Tekjur Sólningar námu tæpum tveimur milljörðum 2017 og hagnaðurinn tveimur milljónum. Samkvæmt heimildum Markaðarins var kannaður möguleiki á að selja fyrirtækið í fyrra og Arctica Finance fengið til að útbúa fjárfestakynningu. Þar kom fram að Sólning væri með um 35 prósenta markaðshlutdeild. Lengra fór söluferlið hins vegar ekki. – **tfh**

**27.02.2019**



**Aðgerðir Seðlabankans höfðu töluverð fælingaráhrif. Þetta mátti til dæmis glögglega sjá eftir húsleitina hjá Samherja.**

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri



Verðmæti

*Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar*

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar



# HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

FRETTABLADID.IS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -1 °C | 1 ↙ |
| Ísafjörður | -7 °C | 5 ↙ |
| Akureyri | -3 °C | 3 ↓ |
| Egilsstaðir | -3 °C | 0 ○ |
| Kirkjubæjarkl. | 0 °C | 4 ↙ |
| Hveravellir | -10 °C | 6 ↓ |

Bætir aðeins í vind, norðaustan 10-15 á Vestfjörðum og Suðausturlandi í kvöld. Snjókoma eða él, einkum síðdegis, en víða þurrt og bjart veður suðvestan til á landinu. Frost 0 til 8 stig, en hiti 0 til 5 stig syðst á landinu.

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 0 °C | 9 ← |
| Ísafjörður | -5 °C | 5 ↙ |
| Akureyri | -3 °C | 2 ↑ |
| Egilsstaðir | -1 °C | 1 ↓ |
| Kirkjubæjarkl. | 0 °C | 4 ← |
| Hveravellir | -7 °C | 6 ↘ |

## Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -1 °C | 6 ← |
| Ísafjörður | -7 °C | 1 ↖ |
| Akureyri | -14 °C | 1 ↑ |
| Egilsstaðir | -10 °C | 1 ↗ |
| Kirkjubæjarkl. | -1 °C | 4 ↙ |
| Hveravellir | -9 °C | 5 ↑ |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 7 | 3 | | 6 | |
| | | 5 | 4 | | 2 | 8 | 3 | 7 |
| | | 4 | 6 | | | | | |
| 6 | | | 9 | | 8 | | | |
| | | | | 3 | | 6 | 5 | |
| 3 | | 9 | | 4 | | | 2 | |
| | 7 | | | | 4 | | | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | 7 | 1 |
| | 2 | 3 | | 9 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | 7 | | | | 1 | |
| | 5 | 1 | | 8 | | | | |
| 6 | | 7 | | | 4 | | | |
| | 7 | | | | 9 | | | 4 |
| | | 2 | | | 3 | 6 | 5 | |
| 4 | | 6 | | | | | | 1 |
| | | | | | 2 | 3 | | 9 |
| 2 | | 3 | 8 | | | 1 | | |
| 5 | 4 | | | | | | | 7 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | 1 | | | | | |
| 9 | | | 2 | | 7 | | | |
| | | 2 | 9 | | 5 | 7 | | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| | | | | | | | | |
| | | | 5 | | 6 | | 9 | 8 |
| 1 | | | | | | | | 4 |
| 2 | 8 | | 7 | 1 | | | 6 | 3 |
| | | 7 | | | | | | 5 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. póll
5. hundur
6. tímamælir
8. klaufska
10. kusk
11. farfa
12. tónlist
13. frumeind
15. möguleikar
17. skífa

**LÓÐRÉTT**
1. súlur
2. mælieining
3. mjaka
4. ríki í N-afríku
7. fjarrita
9. skrölta
12. söngstíll
14. fjör
16. stefna

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. skaut, 5. tík, 6. úr, 8. ólagni, 10. ló, 11. lit, 12. jass, 13. atóm, 15. ráðrúm, 17. plata. **LÓÐRÉTT:** 1. stólpar, 2. kíló, 3. aka, 4. túnis, 7. ritsíma, 9. glamra, 12. jóðl, 14. táp, 16. út.

## Skák Gunnar Björnsson

Andrey Baryshpolets (2.589) átti leik gegn Héðni Steingrímssyni (2.561) á Spring Chess Classic-mótinu í St. Louis.

Hvítur á leik



Andstæðingur Héðins stöðvaði klukkuna og krafðist jafnteflis þar sem liðnir voru 50 leikir síðan maður var síðast drepinn eða peði leikið. Krafan var rétt og samþykkt en hvíta staðan er að sjálfsögðu gjörtöpuð. B-sveit Taflfélags Garðabæjar vann sigur í 3. deild. Taflfélag Vestamanneyja endaði í 2. sæti og fær einnig sæti í 2. deild. Taflfélag Akraness endaði í 3. sæti.

**www.skak.is:** Héðinn í St. Louis.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 5 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 2 | 1 | 8 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 8 | 7 | 5 | 1 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 8 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 5 | 2 | 6 | 1 | 7 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 8 |
| 4 | 6 | 9 | 8 | 5 | 2 | 3 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 4 | 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 7 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman












Rætt verður um 5G meðal annars á Mobile World Congress á Grand Hóteli í dag klukkan 12.00. NORDICPHOTOS/AFP

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 6. MARS 2019

**Hvað?** 5G á Mobile World Congress
**Hvenær?** 12.00-14.00
**Hvar?** Grand Hotel Reykjavík
Mobile World Congress er stærsta sýning í heiminum á sviði farneta, vissulega er margt annað í boði á sýningunni en fyrst og fremst er MWC farnetssýning. Í ár var hún haldin dagana 25.-28. febrúar. Ský hefur vanalega fengið nokkra aðila sem fóru á sýninguna til að segja okkur frá því sem fyrir augu bar, en að þessu sinni höfum við fengið aðila frá Ericsson og Nokia, fyrirtækjum sem leggja mikið af mörkum til sýningarinnar, til að koma og segja okkur frá því helsta.

**Hvað?** Málþing um áhrif tækniframfara á störf lögfræðinga
**Hvenær?** 12.00-12.45
**Hvar?** Lögberg, stofa L-101
Atvinnunefnd Orators, félags laganema, og lánasjóðurinn Framtíðin standa fyrir málþingi um áhrif tækniframfara á störf lögfræðinga í dag, miðvikudaginn 6. mars, kl. 12 í stofu L-101 í Lögbergi, Háskóla Íslands.




Samstöðufundur fyrir No Borders-liðana Jórunni og Freyju fer fram á Lækjartorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Samstöðufundur vina Hauks og aðstandenda Jórunnar og Freyju
**Hvenær?** 20.00-21.00
**Hvar?** Lækjartorg
Í dag kl. 9.15 hefst aðalmeðferð í máli No Borders-liðanna Jórunnar og Freyju í Héraðsdómi Reykjavíkur. Þeim er gefið að sök að hafa staðið upp í kyrrstæðri flugvél til að lýsa samstöðu með flóttamanni. Kl. 20 um kvöldið ætlar stuðningsfólk Jórunnar og Freyju og vinir og vandamenn Hauks Hilmarssonar að safnast saman á Lækjartorgi, minnast þess að ár er liðið síðan fréttir bárust af því að Hauks væri saknað og lýsa samstöðu með Jórunni og Freyju.

**Hvað?** Opnunarpartí Unu útgáfuhúss
**Hvenær?** 20.00-22.00
**Hvar?** Mengi
Verið velkomin á opnun Unu útgáfuhúss í Mengi í kvöld, miðvikudagskvöld, kl. 20. Fagnað verður stofnun bókaforlagsins og fyrstu útgáfu hennar, Undir fána lýðveldisins eftir Hallgrím Hallgrímsson. Í bókinni segir frá dvöl Hallgríms á Spáni undir lok fjórða áratugarins. Þar barðist hann með alþjóðasveitum gegn fasistum í spænska borgarastríðinu. Bókin kom fyrst út árið 1941 en hefur verið ófáanleg um árabil.

**Hvað?** Hver á að sjá um áfengis- og vímuefnameðferð?
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** SÁÁ, Efstaleiti 7
Gestir fundarins eru Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, og Valgerður Rúnarsdóttir, forstjóri sjúkrahússins Vogs. Umræðuefnið er: Hver á að sjá um áfengis- og vímuefnameðferðina og hvernig á hún að vera? Er þörf fyrir meiri þjónustu og þá hvaða þjónustu?

**Hvað?** Er eitthvað öruggt í stafrænum heimi?
**Hvenær?** 8.00-12.30
**Hvar?** Grand Hótel Reykjavík
Það eru yfirgnæfandi líkur á því að þú hafir heyrt af eða orðið fyrir tölvuárás þar sem gögn frá einstaklingum, fyrirtækjum, viðkvæmar upplýsingar stjórnvalda eða stofnana eru oft skotmarkið. Í heimi stafrænna gagna hafa tölvuárásir margfaldast og hættan á að upplýsingar komist í hendur aðila sem geta misnotað þær aukist til muna. Tæknin sem hefur einfaldað samskipti og líf okkar hefur aðra dekkri hlið sem hægt er að misnota með nokkrum klikkum.



Kammersveitin Elja. Flutningur hennar var yfirleitt góður, segir Jónas Sen, gagnrýnandi Fréttablaðsins, í dómi sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Klisjukennt en líka innblásið

**TÓNLIST**

**Kammersveitin Elja**

★★★☆☆

**Verk eftir Nemtsov, Pärt, Manca, Nielsen, Dallapiccola, Bergrúnu Snæbjörnsdóttur og Báru Gísladóttur.**

**Norðurljós í Hörpu**
sunnudaginn 3. mars

Ég velti því stundum fyrir mér hvað Mozart myndi finnast um tónlist nútímans ef hægt væri að ferðast um tímann. Það verður ekki beint sagt að hann hafi verið framsækinn, hvað þá byltingarsinnaður eins og Beethoven eða Liszt, svo ekki sé minnst á mörg tónskáld tuttugustu aldarinnar. Ætli honum hefði fundist músíkin í dag óskiljanleg?

Á hádegistónleikum Kammersveitarinnar Elju í Norðurljósum í Hörpu var Mozart þó í hópi samtímaverka og hann passaði þar ekki illa. Um var að ræða svokallað Adagio úr píanósónötu eftir hann, sem samtímatónskáldið Arvo Pärt hafði umritað fyrir fiðlu, selló og píanó. Umritunin er mjög persónuleg, og því fær tónlistin á sig dekkri, tregafyllri brag en upphaflega útgáfan. Flutningurinn var fallegur, Bjarni Frímann Bjarnason lék á píanóið, Pétur Björnsson á fiðlu og Hjörtur Páll Eggertsson á selló. Leikurinn var tilfinningaþrunginn, en um leið fíngerður, með fáguðum blæbrigðum.

Mozart var ekki fyrstur á efnisskránni, heldur Exercise eftir Söruh Nemtsov. Verkið var flutt af tveimur flautuleikurum, þeim Björgu Brjánsdóttur og Steinunni Völu Pálsdóttur. Tónlistin var hröð og síbreytileg, og staðsetning hljóðfæraleikaranna uppi á svölunum gerði að verkum að fuglasöngur kom upp í hugann. Spilamennskan var nákvæm og vandvirknisleg og lét ágætlega í eyrum.

Nuper Rosarum Flores eftir Gabriele Manca virkaði ekki eins vel. Þar léku nokkrir hljóðfæraleikarar og einn þeirra ekki sérlega hreint, sem skemmdi fyrir hinum. Gaman hefði verið að fá einhverjar upplýsingar um tónlistina, en því var ekki fyrir að fara. Tónleikaskráin var í skötulíki, bara eitt blað með engum upplýsingum.

Serenata in vano eftir Carl Nielsen og Piccola musica notturna eftir Luigi Dallapiccola voru líka leiðinleg, þó að flutningurinn hafi verið fagmannlegur og samstilltur með sannfærandi tilþrifum í túlkun. Fyrrnefnda tónsmíðin er í rómantískum stíl en samt óttalega andlaus, þetta er bara stílæfing. Tónskáldinu lá greinilega ekkert á hjarta. Laglínurnar eru klisjur, framvindan máttlaus. Hin síðarnefnda er þurrleg tólftónasamsuða, stefin fráhrindandi og atburðarásin vélræn. Fyrir þá sem ekki vita er tólftónaaðferðin formúla sem byggir á ströngum reglum, og hún getur af sér stærðfræðilega tónlist, oft nokkuð tormelta.

Miklu betra var Protean Lair eftir Bergrúnu Snæbjörnsdóttur, örverk sem tók bara mínútu í flutningi. Það byrjaði með kaótískum látum en fljótlega runnu allar raddirnar saman og út varð tónrænn leysigeisli. Devotchka watch her garbles eftir Báru Grímsdóttur var líka flott, en þar komu rafhljóð mjög við sögu. Tónsmíðin byggðist ekki á frásögn, heldur skapaði Bára grípandi stemningu úr sveimkenndri áferð mjúkra og ávallt áhugaverðra hljóma. Útkoman var myrk og seiðandi. Spennandi væri að heyra tónlist Báru í sjónrænu samhengi, t.d. í nútímadansi eða við myndaband; þar gæti hún átt vel heima. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Tónlistin var misáhugaverð en flutningurinn yfirleitt góður.





OUTLANDER PHEV

Mitsubishi Outlander PHEV er rafdrifinn & svo miklu meira. Tvær öflugar rafvélar og S-AWC-aldrifið skila auknu afli og afköstum sem gera allar aðstæður leikandi léttar. Kynntu þér vinsælasta bílinn á Íslandi.

Verð frá 4.690.000 kr.

MITSUBISHI MOTORS Drive your Ambition

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



**30%** afsláttur af ostum og áleggi í sælkeraborðinu



Jarðarber 400 g

**449** kr/pk
Verð áður **799** kr/pk

Tilboð gilda aðeins í Kringlu, út 11. mars




Pakki af Neutral þvottaefni + mýkingarefni

**899** kr
verð áður **1.098** kr

BAK
ARÍ
IÐ



Súrdeigsbrauð allar tegundir

**599** kr/stk
verð áður **899** kr/stk

Holta



Heill frosinn kjúklingur

**589** kr/kg
Verð áður **699** kr/kg

**30%**
**afsláttur af öllum búsáhöldum og gjafavörum***








*Gildir ekki af servíettum og kertum og einnota vörum

24
**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

# Kringlukast

## 6.-11. mars

**30%**
**afsláttur af öllum Keel böngsum**







**30%**
**afsláttur af öllu Play-doh**

**20%**
**afsláttur af öllum OROBLU vörum**




**30%**
**afsláttur af öllum ferðatöskum og bakpokum**



**20%**
**afsláttur af öllum hárvörum***



*Gildir ekki af spennum, burstum og hárteyjum

HAGKAUP
Meira svona alla daga

Menningarumræða á virkum dögum á Rás 1




þri.-fim. kl. 16-17
Guðni Tómasson og Kristján Guðjónsson varpa ljósi á það sem er efst á baugi í menningu og listum.




mán.-fim. kl. 17-18
Umfjöllun um dægurmenningu, samfélagsmiðla og allt sem mótar líf okkar, í umsjón Eiríks Guðmundssonar, Önnu Gyðu Sigurgísladóttur og Önnu Marsibil Clausen.




föstudaga kl. 17-18
Farþegar í Lestarklefanum ræða um menningar- og listviðburði sem vöktu athygli í vikunni. Sendur út á Rás 1, RÚVmenning.is og RÚV2.



Menningin finnur sér farveg á RÚV.is

RÁS 1 fyrir forvitna

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2012-2013 Fjallabyggð - Álftanes**
**14.00 Úr Gullkistu RÚV. Mósaík**
**14.40 Úr Gullkistu RÚV. Með okkar augum**
**15.10 Bækur sem skóku samfélagið**
**15.15 Úr Gullkistu RÚV. Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988**
**16.30 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**16.45 Veröld sem var Dellurnar** Þær eru margar dellurnar sem íslenska þjóðin hefur verið heltekin og gagntekin af í gegnum tíðina. Carmen rúllur, fótanuddtæki, hráfæði, sveppir, gerlar og ljósabekkir. Sagan um Orobronze æðið verður sögð og einnig fjölmargar sögur af stórundarlegum megrunarkúrum. Þjóðin leitar enn að hamingjunni og hinni fullkomnu líðan í Veröld sem var.
**17.15 Höfuðstöðvarnar**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Nýi skólinn keisarans**
**18.17 Sígildar teiknimyndir**
**18.24 Dóta læknir**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Frétta- og mannlífsþáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt.
**19.50 Menningin**
**20.00 Kiljan** Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum. Umsjón: Egill Helgason.
**20.40 Nálspor tímans**
**21.10 Nútímafjölskyldan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Stríðshrjáðir menn** Heimildarmynd um bandaríska hermenn sem þjást af áfallastreituröskun löngu eftir að þeir snúa heim frá vígvellinum. Þeir hittast á nýrri meðferðarstöð fyrir hermenn með áfallastreituröskun þar sem þeim er hjálpað að ná sátt við sjálfa sig og fortíðina og tengjast fjölskyldum sínum á ný. Myndin hlaut verðlaun sem besta heimildarmyndin í fullri lengd á alþjóðlegu heimildarmyndahátíðinni IDFA í Amsterdam sem er stærsta heimildarmyndahátíð heims.
**23.45 Kveikur** Vikulegur fréttaskýringaþáttur sem tekur á málum bæði innan lands og utan. Þátturinn er í anda klassískra fréttaskýringaþátta með áherslu á rannsóknarblaðamennsku. Ritstjóri er Þóra Arnórsdóttir en ritstjórnina skipa Ingólfur Bjarni Sigfússon, Sigríður Halldórsdóttir og Lára Ómarsdóttir.
**00.30 Kastljós**
**00.45 Menningin**
**00.55 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 The Honda Classic**
**13.00 Golfing World**
**13.50 The Honda Classic**
**18.50 Golfing World**
**19.40 Champions Tour Highlights**
**20.35 PGA Highlights**
**21.30 Golfing World**
**22.20 Champions Tour Highlights**
**23.15 PGA Special. Coming Home**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 The Kids Are Alright**
**14.10 Með Loga**
**15.10 Ally McBeal**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Life in Pieces**
**20.10 Survivor**
**21.00 New Amsterdam**
**21.50 Bull**
**22.35 Taken**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS. Los Angeles**
**02.20 A Million Little Things**
**03.05 The Resident**
**03.50 How to Get Away with**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö** Íslenska óperan
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal** Samtal um ríkisvald og trúarbrögð
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Plágan**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Passíusálmar**
**22.15 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.25 Emma's Chance**
**13.00 An American Girl. Chrissa Stands Strong**
**14.30 Snowden**
**16.40 Emma's Chance**
**18.15 An American Girl. Chrissa Stands Strong**
**19.45 Snowden**
**22.00 Tale of Tales**
**00.15 When the Bough Breaks**
**02.00 Alien. Covenant**
**04.05 Tale of Tales**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Ævintýri Tinna**
**07.50 Friends**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Newsroom**
**10.30 Jamie's 15 Minute Meals**
**10.55 Baby Daddy**
**11.15 Bomban**
**12.05 Enlightened**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Masterchef USA**
**13.40 Margra barna mæður**
**14.15 Dýraspítalinn**
**14.45 Svörum saman**
**15.20 Suðurameríski draumurinn**
**15.55 Catastrophe**
**16.30 Kevin Can Wait**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 Mom**
**20.15 Heimsókn**
**20.35 Grey's Anatomy**
**21.20 The Good Doctor**
**22.05 Suits**
**22.50 Lovleg**
**23.10 NCIS**
**23.55 The Blacklist**
**00.40 Counterpart**
**01.40 Magnum P.I**
**02.25 Room 104**
**02.55 Six Feet Under**
**03.55 Six Feet Under**
**04.50 Six Feet Under**

## STÖÐ 3

**12.34 Silicon Valley**
**19.05 Modern Family**
**19.30 Silicon Valley**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.55 Man Seeking Woman**
**21.20 Gotham**
**22.05 Game Of Thrones**
**23.00 Warning. This Drug May Kill You**
**00.00 The New Girl**
**00.25 Arrow**
**01.10 Modern Family**
**02.05 Seinfeld**
**02.30 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.15 Grindavík - KR**
**09.55 Real Madrid - Ajax**
**11.35 Dortmund - Tottenham**
**13.15 Meistaradeildarmörkin**
**13.45 Seinni bylgjan**
**15.15 Fulham - Chelsea**
**16.55 Everton - Liverpool**
**18.35 Premier League Review**
**19.30 Meistaradeildin - upphitun**
**19.50 Porto - Roma** Bein útsending
**22.00 Meistaradeildarmörkin**
**22.30 PSG - Manchester United**
**00.20 Breiðablik - Skallagrímur**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.20 Wolves - Cardiff**
**10.00 Brighton - Huddersfield**
**11.40 Watford - Leicester**
**13.20 Messan**
**14.20 Real Madrid - Barcelona**
**16.00 Real Madrid - Ajax**
**17.40 Dortmund - Tottenham**
**19.20 Meistaradeildarmörkin**
**19.50 PSG - Manchester United** Bein útsending
**22.00 Porto - Roma**
**23.50 Meistaradeildarmörkin**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
19.999
Háþrýstidæla 1650W
9.999
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
79.995
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Ruslapokar 10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Skóflur
frá 995
Frábært úrval af dragböndum/ ströppum
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC 1200W
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17









Björn bendir á að þó fólk finni ekkert endilega ástina á svona kvöldi þá geti það átt góða kvöldstund í skemmtilegum félagsskap. NORDICPHOTOS/GETTY

# Einhleypir saman í páskaeggjagerð

Birni Inga Halldórssyni fannst vanta vandaðan stefnumótavef hér á landi þegar hann stofnaði Makaleit.is. Hann hefur staðið fyrir ýmsum uppákomum en fram undan er páskaeggjanámskeið.

Mér fannst vanta vandaðan stefnumótavef hér á Íslandi þar sem ekki væri leyft að auglýsa eftir skyndikynnum. Vef þar sem fólk gæti fundið sér lífsförunaut, ekki síst eldra fólk,“ segir Björn Ingi aðspurður út í upphafið en vefurinn fagnaði nýverið sex ára starfsemi. En hversu mörg pör ætli standi eftir að sex árum liðnum? „Þau eru orðin ansi mörg og það er það sem hefur gefið mér kraft til að halda þessum vef úti öll þessi ár. Það er mjög gefandi þegar ég fæ tölvupósta frá notendum sem hafa fundið ástina, sérstaklega þegar þeir koma frá eldra fólki; fólki sem var einmana en hefur fundið lífsförunaut á ný. Það eru fjölmargar sannar frásagnir sem ég hef fengið leyfi til að birta nafnlaust á síðunni. Svo hef ég líka heyrt frá nokkrum vinum um vini þeirra sem hafa kynnst maka inni á Makaleit.is, fók sem er búið að gifta sig og eignast Makaleitar-börn, eins og ég segi stundum. Mér þykir þó langvænst um tölvupósta frá eldra fólki. Mér er sérstaklega minnistæður póstur sem ég fékk rétt fyrir jólin frá konu sem var í kringum sjötugt. Hún þakkaði mér fyrir vefinn og sagði mér frá því að hún hefði hitt eldri mann og hún yrði ekki ein þessi jólin. Það var yndislegt að lesa þann póst og mér varð hugsað til hennar nokkrum dögum seinna, á aðfangadagskvöld.“

**MÉR ÞYKIR ÞÓ LANGVÆNST UM TÖLVUPÓSTA FRÁ ELDRA FÓLKI. MÉR ER SÉRSTAKLEGA MINNISTÆÐUR PÓSTUR SEM ÉG FÉKK RÉTT FYRIR JÓLIN FRÁ KONU SEM VAR Í KRINGUM SJÖTUGT. HÚN ÞAKKAÐI MÉR FYRIR VEFINN OG SAGÐI MÉR FRÁ ÞVÍ AÐ HÚN HEFÐI HITT ELDRI MANN OG HÚN YRÐI EKKI EIN ÞESSI JÓLIN.**

Björn Ingi Halldórsson, makaleit.is.



### Súkkulaði og ást eiga samleið

Björn Ingi hefur opnað fyrir skráningu á sérstakt námskeið í páskaeggjagerð sem hann mun standa fyrir ásamt Halldóri Kristjáni Sigurðssyni konditor í sérstökum súkkulaðivagni við Fjörð í Hafnarfirði. „Mig hefur alltaf langað til að gefa notendum sem það vilja möguleika á að hittast í öruggu umhverfi. Ég hef í gegnum árin verið með fjölmörg hraðstefnumót og spilakvöld, sem hafa vakið mikla lukku. Ég hef undanfarið orðið var við fleiri fyrirspurnir um að fólk vilji hittast í öruggu umhverfi og því hef ég haft samband við ýmsa námskeiðahaldara um að halda námskeið sérstaklega fyrir Makaleit.is. Ég vil bara nota tækifærið og hvetja þá sem luma á skemmtilegu námskeiði til að vera í sambandi við mig svo ég geti boðið upp á meiri fjölbreytni. Þegar ég sá páskaeggjanámskeið auglýst var

það engin spurning í mínum huga að þetta væri eitthvað fyrir mína notendur, enda hafa súkkulaði og ást átt langa samleið,“ segir Björn í léttum tón. En fram undan eru svo einnig matreiðslunámskeið en það fyrsta verður sennilega með áherslu á Mexico street food.

Björn segir það ekki spurningu að fólk kynnist á annan hátt í þessum kringumstæðum. „Það sem kom mér mest á óvart þegar ég byrjaði með þessa hittinga var hversu afslappað andrúmsloftið var. Ég bjóst við að fólk væri meira til baka og var pínu stressaður yfir því að andrúmsloftið yrði spennuþrungið og þvingað, en það var það alls ekki. Þegar ég var með spilakvöldin ætlaði fólk ekki að vilja hætta að spila svo það sat bara áfram þar til kaffihúsið, þar sem við vorum með aðstöðu, lokaði. Fólk hafði líka orð á því að þótt það fyndi kannski ekki ástina þetta kvöldið þá hefði það átt yndislega kvöldstund saman með skemmtilegu fólki.

Námskeiðunum er skipt upp í aldurshópa en Björn segir bestu mætinguna vera í hópnum 40 til 60 ára. „En það hefur líka verið góð mæting hjá fólki í kringum þrítugt. Ég vonast samt til að fá góða mætingu hjá þeim sem eru yfir 60 á páskaeggjanámskeiðin. Mér þykir vænst um þann hóp.“ Björn segir vissulega margt hafa breyst í afstöðu landans á þeim sex árum sem hann hefur haldið vefnum úti. „Þetta var pínu feimnismál fyrst. Ég held til dæmis að mömmu hafi ekkert litist á að ég ætlaði að fara að opna stefnumótavef á sínum tíma, en eftir því sem tíminn leið og hún sá hvernig vefur Makaleit.is er og hversu margir hafa fundið ástina þar, þá veit ég að hún er bara mjög stolt af þessu í dag.“

bjork@frettabladid.is



Björn Ingi segir sig alltaf hafa langað til að gefa notendum sem það vilja möguleika á að hittast í öruggu umhverfi og hefur staðið fyrir hraðstefnumótum og spilakvöldum en nú er það páskaeggjagerð. NORDICPHOTOS/GETTY

## REYNSLUSÖGUR AF MAKALEIT.IS

### Pössum saman eins og sokkapar

„Sælir verið þið. Ég fann draumadrottninguna hér á Makaleit síðastliðið sumar. Við erum rosalega ánægð saman og pössum saman eins og sokkapar, annar sokkurinn er ekkert án hins.“ (Karl, 63 ára)

### Barn á leiðinni

„Sæl verið þið, já það passar, ég fann ástina mína á Makaleit, við erum núna búin að hittast í um 7 mánuði, byrjuð að búa saman, einnig barn á leiðinni, ég er mjög hamingjusamur, takk fyrir frábæra vefsíðu Makaleit.is.“ (Karl, 42 ára)

### Ég fann draumaprinsinn minn

„Takk kærlega fyrir góða síðu. Ég fann draumaprinsinn minn – allt ykkur að þakka. Við erum bæði mjög ánægð og undrandi.“ (Kona, 26 ára)

***Einhleypir, áhugasamir og súkkulaðiþyrstir geta skráð sig á vefsíðunni makaleit.is***





Varmadælur & loftkæling




Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins kr. 145.000 m.vsk

Midea KMB-E09
Max 3,4 kW
2,65 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,85)
f. íbúð ca 40m2.

Umhverfisvænn kælimiðill R32

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land




Það besta úr báðum heimum.

IONIQ Plug-in Hybrid sameinar það besta úr báðum heimum.
Þú getur ekið allt að 63 km á rafmagni án nokkurs útblásturs eða sett á Hybrid-stillingu fyrir bensín og rafmagn og farið hvert á land sem er.

ENNEMM / SÍA / NM92142

HYUNDAI

Hyundai IONIQ PHEV. Verð frá: 4.390.000 kr.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.



Anna segir gjörninginn bæði krefjandi og viðkvæman en það sé einmitt það sem geri hann áhrifaríkan. Hér má sjá konurnar sem tóku þátt í gjörningnum í Mengi. MYND/OWEN FIENE

# Leitar að kröftugum konum á aldrinum 12 til 80 ára í gjörning

Listakonan **Anna Kolfinna Kuran** leitar að konum á aldrinum 12 til 80 ára til að taka þátt í gjörningi sínum Konulandslag sem mun taka yfir Tjarnarbíó eina kvöldstund.

Yfirtaka: Konulandslag“ er nýjasti gjörningur og tilraun Önnu Kolfinnu Kuran í langtíma rannsóknarverkefni sínu „Konulandslag,“ þar sem hún skoðar, skapar og ber kennsl á hin ýmsu landslög kvenna í samfélaginu. Gjörningurinn var frumfluttur í Mengi í upphafi árs undir yfirskriftinni „Mengi yfirtaka: Konulandslag“. Í verkefninu vinnur hún með hugmyndir um rými og kvenlíkamann, hvar og hvernig hann birtist og hvar hann er ósýnilegur. Hvar eru konur velkomnar og öruggar og hvar eru þær óvelkomnar? Hvar er rými fyrir konur og hvar þurfa þær að gera innrás til þess að vera með?

Að þessu sinni er lögð sérstök áhersla á sambönd og tengsl kvenna gegnum kynslóðir og samstöðu. Í samstarfi við fjölda kvenna á ólíkum aldri sem taka þátt í flutningi gjörningsins, mun Anna Kolfinna gera tilraun til að taka yfir Tjarnarbíó eina kvöldstund og fylla það með konum sem munu gegnum einfalda töfrandi athöfn skapa sér eigið landslag innan um veggi rýmisins.

„Ég er sum sé að leita að konum á aldursbilinu 12-80 ára sem hafa áhuga og treysta sér til að taka þátt í þessari einföldu en töfrandi athöfn,“ segir Anna Kolfinna. Gjörningurinn var frumfluttur í Mengi í janúar en verður endurgerður sem hluti af dagskrá danshátíðar Tjarnarbíós, Vorblótsins, þann 6. apríl næstkomandi.

Ósýnilegir strengir kvenna á milli

„Í raun er hugmyndin að gjörningnum afar einföld: að fylla rými með konum. Í Mengi vorum við 17 konur og það myndaðist svo flott hlustun og samstaða, það er einhver ótrúleg orka sem fæðist þegar margar konur koma saman, það myndast ákveðið landslag. Ég ímynda mér stundum, og það má vel vera að margar konur séu ósammála þessu, að konur þvert á kynslóðir og heimshluta séu tengdar ósýnilegum strengjum. En þegar við þurfum á hjálp að halda eða köllum eftir systrum okkar, þó við þekkjumst ekki neitt, koma þessir ósýnilegu strengir í ljós. Þetta hef ég upplifað aftur og aftur gegnum vinnuna mína sem danshöfundur þar sem ég vinn mikið með þátttöku annarra kvenna, samstöðu og þessari systraást. En þar sem Tjarnarbíó er töluvert stærra rými en Mengi er ég að safna í stærri hóp flytjenda fyrir sýninguna í apríl, þannig að hugmyndin gangi upp. Á hátíðinni verður einkar áhugaverð dagskrá þar sem fjölbreytileiki sjálfstætt starfandi danshöfunda verður áberandi. Eins konar suðupottur af mjög ólíkum verkum með ólíka nálgun á dans og danssmíðar hérlendis, meðal annars mun valkyrjan Unnur Elísabet Gunnarsdóttir koma fram með listahátíðina sína „Ég býð mig fram“. Gígja Jónsdóttir, fjöllistakona og danshöfundur, mætir með teknó-fiðluhljómsveitina sína og Péturs Eggertssonar „Geigen“. Það verður sannarlega hægt að kynnast því hve litrík og fjölbreytt litla danssenan er hérna heima, sem ber að fagna,“ segir Anna.



Anna segist stundum ímynda sér að konur þvert á kynslóðir og heimshluta séu tengdar ósýnilegum strengjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

En hverjar eiga erindi í verkið? „Ég er að leita að konum á aldrinum 12-80 ára sem treysta sér til að taka þátt. Fyrri sviðsreynsla er ekki skilyrði og ekki heldur íslenskukunnátta,“ segir Anna en unnið verður með hljóð og eins konar söng í verkinu en ekki texta. „En gott er að hafa í huga að við notum bæði raddbeitingu og hreyfingar til þess að skapa orku og fylla rýmið með kven- og systraorku. Gjörningurinn er krefjandi og viðkvæmur en það er einmitt það sem gerir hann áhrifaríkan. Með honum skapast vettvangur fyrir konur til að koma saman í samstöðu og krafti.

Konur sem hafa áhuga á að taka þátt eru hvattar til að senda Önnu Kolfinnu línu á netfangið: annakolfinna@gmail.com.



# ENN HOLLARI OLÍA

*það byrjar allt með fjórum fræjum*

Lesieur isio 4

**OMEGA 3 & 6**
**+ D- & E-VÍTAMÍN**
**NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN**

ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI



FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.




FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Bjarna Karlssonar



# Ösku(r)dagur

Í þrjú þúsund ára gamalli smásögu af Jónasi í hvalnum klæðist konungurinn í Níníve hærusekk, eys yfir sig ösku og mælir svo fyrir að borgarbúar skuli gera eins og hann; iðrast ofbeldis og snúa sér frá sinni illu breytni. Það fylgir ekki öskudagssögunni frá Níníve hvert ofbeldið var en ljóst að það var komið á almannavarnastig svo að Guð sendi Jónas á svæðið með aðvörunarorð: „Eftir fjörutíu daga verður Níníve lögð í rúst.“

Umliðið sunnudagskvöld valdi íslenska þjóðin gamalt öskudagsþema fyrir Júróvissjón: „Hatrið mun sigra, Evrópa hrynja.“ Nýir og áhugaverðir listamenn hafa kvatt sér hljóðs og ljóst að þarna fer fólk sem kann til (sviðs)verka. Tónninn sem þau slá er siðferðilegur. Skellihlæjandi og í fúlustu alvöru nefna þau alhliða blekkingar, einhliða refsingar og auðtrúa aumingja. Og ég játa að þegar ég heyri fimm ára sonarson minn kyrja bjartri barnsrödd: „Flóttinn tekur enda. Tómið heimtir alla. Hatrið mun sigra!“ þá fer áður óþekktur hrollur um innyfli mín. Já, það eru nefnilega innyflin, iðrin í kviðnum, sem virkjast þegar við iðrumst. Iðrun er að vera í tengslum við eigin líffæri og þær tilfinningar sem iðrin miðla.

Nínívebúar iðruðust í sekk og ösku og Guð mælti: „Ætti ég ekki að sjá aumur á Níníve, hinni miklu borg, þar sem meira en hundrað og tuttugu þúsndir manna búa, [...] og að auki fjöldi dýra?“ Þannig risu Nínívemenn úr öskunni og endurheimtu tilveru sína þegar þeir höfðu iðrast og látið af ofbeldinu.

Og okkar menn munu öskra á fornum Biblíuslóðum:

Hatrið mun sigra
Evrópa hrynja
Vefur lyga
Rísið úr öskunni
Sameinuð sem eitt










*Verð miðast við WOW basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Gildir þegar bókað er flug báðar leiðir.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS